FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSING

7. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 12. JANÚAR 2021

Við segjum fréttir

Í 34 ár hefur fréttastofa Stöðvar 2 verið hluti af daglegu lífi íslensku þjóðarinnar. Á þessum tíma hefur samfélagið tekið miklum breytingum og fjölmiðlar hafa ekki farið varhluta af því. Frá og með 18. janúar tekur Stöð 2 þeim breytingum að útsending verður aðeins aðgengileg áskrifendum. Á sama tíma kynnum við áður óþekkt verð á Stöð 2 og Stöð 2+ efnisveitunni ásamt sveigjanlegri áskriftarskilmálum.

Við hlökkum til að fylgja þjóðinni áfram og færa henni traustar, nútímalegar fréttir til framtíðar.

Lægra verð á áskrift!

Stöð 2 og Stöð 2+ (áður Maraþon) eru nú saman á 7.990!

STÖÐ 2 Í LÍNULEGRI DAGSKRÁ + STÖÐ 2+ STÆRSTA ÁSKRIFTARVEITAN MEÐ ÍSLENSKT EFNI = AÐEINS **7.990 kr./mán.**

Stöð 2+ stök
3.990 kr./mán.

Engin binding á áskrift

Skilmálar okkar eru einfaldir og þægilegir. Þú getur sagt upp eða breytt áskrift til og með 25. hvers mánaðar. Breytingin tekur þá gildi fyrsta dag næsta mánaðar.

Tryggðu þér áskrift á stod2.is

STÖÐ 2 Í LÍNULEGRI DAGSKRÁ

Fjölbreytt dagskrá á Stöð 2

1 Fréttir, íþróttir og Ísland í dag

Traustar fréttir í beinni útsendingu frá fréttastofu Stöðvar 2 kl. 18:30 allt árið um kring ásamt íþróttafréttum, Íslandi í dag og fréttaskýringum Kompás.

2 Fjölbreytt íslensk dagskrárgerð

Árið 2020 sýndi Stöð 2 alls 48 nýjar þáttaraðir af íslensku efni, alls 260 staka þætti sem samtals töldu 144 klukkustundir af nýju íslensku efni. Við höldum ótrauð áfram og kynnum 10 nýjar þáttaraðir á fyrri hluta ársins.

3 Beinar útsendingar og viðburðir

Fjölbreyttir skemmti- og fjölskylduþættir og tónleikar eru reglulega í beinni útsendingu á Stöð 2. Á liðnu ári sýndum við alls 28 þætti og ýmiskonar viðburði í beinni útsendingu.

4 Hágæða erlent afþreyingarefni

Til viðbótar við metnaðarfulla íslenska dagskrárgerð býður Stöð 2 upp á hágæða efni frá öllum helstu erlendu framleiðendum heims en á meðal þeirra eru margverðlaunaðar þáttaraðir og kvikmyndir.

Tryggðu þér áskrift á stod2.is

FRÉTTABLAÐIÐ

7. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 12. JANÚAR 2021

Fjölmargir Íslendingar nýttu tækifærið til að skella sér á skíði um helgina. Skíðafólkið reyndi eftir bestu getu að gæta þess að hafa fjarlægðartakmörkin í lagi þegar það brunaði niður brekkurnar. Ekkert verður úr skíðaferðunum til Evrópu þetta árið sem Íslendingar hafa fjölmennt í undanfarin ár og má því búast við þéttri umferð í fjöllunum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Sorgleg staða fyrir söngvara

MENNING „Mér þykir ekki ástæða að fulltrúi frá Íslensku óperunni sem getur ekki unnið með söngvurum sé inni í því að forma framtíðaróperu," segir Ólöf Kolbrún Harðardóttir, stofnmeðlimur Íslensku óperunnar, sem er meðal fjölmargra sem eru ósáttir við gang mála innan Óperunnar undir stjórn Steinunnar Birnu Ragnarsdóttur og lýsa yfir áhyggjum af framtíð þjóðaróperu.

Mikil óánægja hefur kraumað undir yfirborðinu og var sýknudómur í máli Þóru Einarsdóttur gegn Íslensku óperunni dropinn sem fyllti mælinn og lýsti Fagfélag klassískra söngvara á Íslandi yfir vantrausti á stjórn og óperustjóra í gær.

Söngvararnir Kristinn Sigmundsson, Andri Björn Róbertsson og Eyrún Unnarsdóttir ræða um stöðu söngvara á Íslandi. – ilk / sjá síðu 6

Danir ógna viðræðum

Viðræður Íslendinga við Pfizer um viðbótarbóluefni og rannsókn eru í hættu eftir að danskur umboðsmaður braut trúnað. Danir reyna nú að koma sér inn.

COVID-19 Danir hafa blandað sér inn í viðræður Íslendinga við lyfjafyrirtækið Pfizer um að rannsaka áhrif bóluefnis á heila þjóð. Hugmyndin var að Íslendingar fengju þá hratt og vel viðbótarbóluefni. Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir og Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, hafa verið í samtali við Pfizer um þetta.

„Þeir eru að öllum líkindum að eyðileggja þetta fyrir okkur," segir Kári.

Rótin að þessu sé trúnaðarbrestur umboðsmanns Pfizer í Skandinavíu, danskrar konu sem Kári segir heita Mette. „Hún var á fundinum sem við áttum við vísindamenn Pfizer."

> **Þeir eru að öllum líkindum að eyðileggja þetta fyrir okkur.**
>
> Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

Kári segist hafa fengið skilaboð tveimur dögum eftir fundinn frá yfirmanni sóttvarnastofnunar Danmerkur, Statens Serum Institut, um að Danir hefðu verið í viðræðum við Pfizer. „Hann sagði að Mette hefði sagt þeim frá viðræðunum og hann ætlaði að reyna að sjá til þess að Danir fengju að vera með," segir Kári.

Að Íslendingar og Danir geti verið saman í þessu er fráleitt að mati Kára. Ísland hafi sérstöðu og hægt væri að vinna góða rannsókn hér á landi.

„Mette hafði ekki heimild til að segja frá þessu, hún kjaftaði frá, og þeir ætla að reyna að lauma sér inn í þetta á einhvern máta sem ekki er hægt."

Aðspurður um hvar ferlið standi núna segist Kári ekki vita það. Hann býst þó við að heyra frá Pfizer í fyrri hluta vikunnar. – khg

Nagladekkin teljast stikkfrí

LOFTSLAGSMÁL Drög að stefnu Reykjavíkurborgar um loftslagsmál næstu fimm ár voru kynnt í umhverfis- og heilbrigðisráði og verður stefnan kynnt fyrir borgarstjórn á fimmtudaginn næsta. Markmið borgarinnar er að hlutfall ferða sem farnar eru á bíl fari úr 73 prósentum í 58 prósent.

Stærsta viðfangsefnið og mestu tækifærin til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda liggja í breyttum samgöngum. Stefnt er að því að gera borgina gönguvæna, fækka bensínstöðvum, fækka bílastæðum og mengunarlaus svæði skilgreind. Ekkert er þó minnst á nagladekk.

„Það sem birtist okkur er að það er mikil uppbygging á Suðurlandi vegna lóðaskortsstefnu meirihlutans í borginni," segir Vigdís Hauksdóttir borgarfulltrúi. Þess vegna sé ekki hægt að taka nagladekk úr umferð. – bb / sjá síðu 4

Mikill kuldi er í Skagafirði þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Láti ekki renna í heita potta

SKAGAFJÖRÐUR Íbúar Skagafjarðar eru beðnir um að fara sparlega með heita vatnið næstu daga vegna kuldans síðustu daga. Fram kemur í tilkynningu frá sveitarfélaginu að afkastageta Skagafjarðarveitna sé komin að þolmörkum. Eru íbúar sérstaklega beðnir um að láta ekki renna í heita potta meðan kuldakastið varir.

Þá eru íbúar og fyrirtæki beðin um að stilla ofna svo að þeir séu heitir að ofan og kaldir að neðan, og að passa að gluggatjöld séu ekki fyrir ofnum. Búast má við að viðlíka ástand komi upp á næstu mánuðum þegar mjög kalt er í veðri. **– ab**

Alma segir ekki líkur á að dauðsföllum fjölgi vegna bólusetninga.

Von á sendingu bóluefnis í dag

COVID-19 Alls greindust þrír með kórónaveiruna innanlands í fyrradag, sami fjöldi og daginn áður. Allir sem greindust voru í sóttkví. Þá greindust 17 á landamærunum, af þeim voru 15 með íslenska kennitölu. Alls voru 20 á sjúkrahúsi vegna veirunnar, enginn með virkt smit og enginn á gjörgæslu.

Um 1.200 skammtar af bóluefni Moderna eru væntanlegir til landsins í dag. Fram kom á fundi almannavarna í gær að þeir skammtar munu fara í að klára að bólusetja framlínustarfsmenn. Búast má við 1.200 skömmtum frá Moderna á tveggja vikna fresti út marsmánuð. Þá koma tæplega þrjú þúsund skammtar af bóluefni Pfizer í næstu viku sem notaðir verða til að bólusetja eldri íbúa landsins.

Alma Möller landlæknir sagði að ekkert benti til aukins fjölda dauðsfalla í kjölfar bólusetninga. **– ab**

Sólargeislarnir hrifu skipverjana

Skipverjar á sementsflutningaskipinu Ubc Cartanega, sem er gert út frá Marshalleyjunum í Vestur-Kyrrahafi, stoppuðu á leið sinni til Akraness fyrir utan Reykjaneshöfn í gær. Líklegt er að þeir hafi notið útsýnisins með glæsileg fjöll fyrir augum úr Reykjanesbænum þó að kuldinn hafi eflaust níst inn að beini hjá þeim skipverjum sem ekki eru vanir vetrardögum eins og tíðkast á þessum árstíma hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Einstaklingar á eldri árum kvarta oftast

SAMFÉLAG Ellefu prósent Íslendinga segjast búa við hávaða frá nágrönnum sínum eða af götunni við heimili sitt. Þetta kemur fram hjá tölfræðistofnun Evrópusambandsins. Hefur hlutfallið haldist nokkuð stöðugt í tíu ár, eða á bilinu tíu til tólf prósent, en almennt séð hefur hlutfallið í álfunni lækkað á þessu tímabili.

» Ellefu prósent Íslendinga búa við hávaða frá nágrönnum eða af götunni.

Ísland er meðal þeirra sem eiga hljóðlátustu nágrannana, ásamt Írum, Ungverjum, Norðmönnum, Ítölum og fleirum. Meðaltal EES svæðisins er rúmlega 18 prósent.

Þeir sem kvarta mest undan hávaða eru aldraðir einstæðingar en kvörtunum fækkar eftir því sem aldur lækkar og fleiri eru á heimilinu. **– khg**

Talsverð umskipti í sjónvarpsfréttum

Fréttir Stöðvar 2 verða einungis aðgengilegar áskrifendum frá og með næstu viku. Formaður Blaðamannafélags Íslands segir eftirsjá að fréttunum úr opinni dagskrá en framkvæmdastjóri Sýnar segir breytingarnar sóknarfæri.

FJÖLMIÐLAR „Það er sannarlega eftirsjá í því að fréttatíminn fari úr opinni dagskrá en ég trúi því að það liggi þarna að baki vandaður undirbúningur," segir Hjálmar Jónsson, formaður Blaðamannafélags Íslands, um þá ákvörðun Stöðvar 2 að taka fréttir stöðvarinnar úr opinni dagskrá.

„Þessi fréttastofa er náttúrulega búin að vera flaggskip sjálfstæðrar sjónvarpfréttamennsku sem ekki er leidd af ríkinu í áratugi svo þetta eru mikil umskipti," segir Hjálmar. Í tilkynningu sem Stöð 2 sendi frá sér í gær segir að fréttir stöðvarinnar hafi verið „hluti af daglegu lífi þjóðarinnar í 34 ár," en að á þeim tíma hafi umhverfi fjölmiðla tekið miklum breytingum. Stöð 2 hafi verið leiðandi og ætli að vera það áfram.

Hjálmar segist vel þekkja til þeirra breytinga sem um ræðir og að vönduð fjölmiðlun sé það sem mestu máli skipti. „Þetta umhverfi sem við þekkjum er að breytast og þróunin hefur verið sértaklega hröð síðustu tuttugu ár. Fólk þarf að fara að hugsa þetta upp á nýtt því að þessi hefðbundna leið þar sem fjölmiðlar eru bornir uppi af áskriftargreiðslum og auglýsingum á ekki endilega við rök að styðjast lengur," segir hann.

Þórhallur Gunnarsson, framkvæmdastjóri fjölmiðla Sýnar, segir breytingarnar jákvæðar og að starfsfólk Stöðvar 2 hafi sýnt þeim mikinn skilning. „Ég er búinn að funda með öllu starfsfólki í dag [í gær]og það hafa verið góðir fundir," segir hann.

„Við erum ekki að tilkynna niðurskurð eða koma með neikvæð skilaboð til starfsmanna okkar heldur erum við að sækja fram," bætir Þórhallur við.

Áskrifendur fá að fylgjast með fréttunum á Stöð 2 áfram. MYND/STÖÐ 2

„ Þetta eru miklar breytingar en við vorum fullvissuð um það að okkar starf á fréttastofunni breytist ekkert í grunninn.

Sunna Kristín Hilmarsdóttir, trúnaðarmaður fréttastofu

Sunna Kristín Hilmarsdóttir, fréttakona og trúnaðarmaður fréttastofu Stöðvar 2, segir fundinn í gær þar sem starfsfólki voru kynntar breytingarnar hafa farið vel fram en þó hafi starfsfólk ýmsar spurningar. „Þetta eru miklar breytingar en við vorum fullvissuð um það að okkar starf á fréttastofunni breytist ekkert í grunninn," segir Sunna.

„Það á ekki að stytta fréttatímann eða segja fólki upp eftir því sem okkur er sagt svo ég verð að trúa því og treysta að að þeir sem eru við stjórnvölinn í fyrirtækinu og taka þessa ákvörðun viti hvað þeir eru að gera," bætir Sunna við.

Þórhallur segist meta stöðuna svo að með breytingunum fjölgi áskrifendum stöðvarinnar og að fréttastofan haldi áfram í sókn, en tæplega sjötíu þúsund eru í áskrift að sjónvarpsstöðvum Sýnar. „Við höfum verið að fjölga áskrifendum síðasta árið, hvort sem það er á Stöð 2, Stöð 2 maraþon eða íþróttastöðvunum okkar og við trúum því að sú sókn haldi áfram," segir Þórhallur.

birnadrofn@frettabladid.is

HINIR4WDFRÆKNU

KOMDU OG REYNSLUAKTU

NÝR TOYOTA
HILUX

Enn meira afl og dráttargeta
Þjarkur búinn ríkulegum þægindum

Kaupauki við aukahlutina þína*
Þú kaupir aukahluti að eigin vali fyrir að lágmarki 300.000 kr. og færð aukalega 33" breytingu, heilsársdekk og felgur

Verðlistaverð kaupauka um
570.000 kr.

NÝR TOYOTA
HIGHLANDER
HYBRID

Spánnýr foringi sportjeppanna
Toyota Hybrid hefur aldrei verið svona stór

TOYOTA
LAND CRUISER

Konungurinn er orðinn enn kraftmeiri
Vertu áhyggjulaus við allar aðstæður

70th ANNIVERSARY

Veglegur kaupauki fylgir 70 ára afmælisútgáfu**
33" breyting, heilsársdekk og felgur
Hliðarlistar
Hlíf undir framstuðara
Hlíf á afturstuðara
Krómlisti á hlera
Krómstútur á púst

Verðlistaverð kaupauka um
950.000 kr.

TOYOTA
RAV4
PLUG-IN HYBRID

Eldsnöggur Plug-in Hybrid
Sportjeppi sem gaman er að leika við

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. *Á ekki við um aðgerðir/aðkeypta hluti frá þriðja aðila. */** Gildir ekki með öðrum tilboðum eða LX útfærslu Hilux/Land Cruiser 150 og á eingöngu við um nýja bíla. Birt með fyrirvara um villur.

Talsverð aukning var á innflutningi á neysluvöru. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Meira flutt inn en minna út

VIÐSKIPTI Vöruviðskiptajöfnuður í nóvember í fyrra var tæpum fjórum milljörðum króna óhagstæðari en í sama mánuði 2019. Hann var rúmum tíu milljörðum hagstæðari fyrstu ellefu mánuði síðasta árs en á sama tímabili 2019.

Um 43 prósenta aukning var á innflutningi á neysluvöru í nóvember í fyrra miðað við nóvember 2019. Innflutningur í flestum öðrum vöruflokkum en neysluvörum var minni frá janúar til nóvember 2020 miðað við 2019.

Útflutningur á sjávarafurðum í nóvember var meiri en árið áður en minni á iðnaðarvörum. Heildarverðmæti vöruútflutnings lækkaði um tæpa 38 milljarða frá janúar til nóvember í fyrra miðað við sama tímabil árið 2019. **– þp**

Skipverjar Samherja á Björgu EA 7 á góðum degi í fyrra. MYND/SAMHERJI

Margrét skilaði milljörðum

FISKUR Björg EA 7 var aflahæsta skip Samherja á síðasta ári með samtals 9.443 tonn af veiddum afla. Alls fóru þrjú skip Samherja yfir níu þúsund tonn því Kaldbakur EA 1 og Björgúlfur EA 312 gerðu það einnig. Þetta kemur fram í tilkynningu frá fyrirtækinu.

Meginuppistaðan í afla skipanna var þorskur en einnig voru ýsa, ufsi og gullkarfi í heildaraflatölunni auk annarra tegunda.

Uppsjávarskipið Margret EA 710 var í fyrsta sæti þegar kemur að verðmætum því skipið kom með yfir tveggja milljarða aflaverðmæti á síðasta ári. Kaldbakur EA 1 og Björg EA 7 voru jöfn í öðru og þriðja sæti rétt rúmlega tvo milljarða. **– bb**

Nagladekkin stikkfrí í stefnu borgarinnar um loftslagsmál

Drög að stefnu Reykjavíkurborgar um loftslagsmál næstu fimm ár voru kynnt í umhverfis- og heilbrigðisráði og verður stefnan kynnt fyrir borgarstjórn á fimmtudaginn næsta. Athygli vekur að ekkert er rætt um nagladekk sem Vegagerðin segir að sé langveigamesti þátturinn í myndun svifryks frá umferð.

LOFTSLAGSMÁL „Það er ýmislegt þarna inni sem ég er ekkert endilega sammála enda er ég með fyrirvara á stefnunni í heild sinni eins og ég segi í bókuninni. En ég greiddi ekki atkvæði á móti því það var tekið tillit til minna sjónarmiða," segir Vigdís Hauksdóttir, fulltrúi Miðflokksins, en hún sat í stýrihópi um loftslagsstefnu Reykjavíkur sem kynnt var á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur í síðustu viku.

Í drögunum sem kynnt voru og verða tekin fyrir á borgarstjórnarfundi á fimmtudag kennir ýmissa grasa. Sagt er að áratugur aðgerða sé runninn í garð og fjölmargar hugmyndir kynntar en fyrir utan hugmyndir stýrihópsins bárust um 200 hugmyndir frá almenningi eins misjafnar og þær voru margar. Aðgerðaáætlunin nær yfir árin 2021–2025 og er sett í framhaldi af fyrri aðgerðaáætlun sem gilti til loka árs 2020.

Ljóst er að fjölga þarf vistvænum ökutækjum en markmið borgarinnar er að hlutfall ferða sem farnar eru á bíl fari úr 73 prósentum í 58 prósent. Á fjórum árum hefur losun vegna notkunar jarðefnaeldsneytis dregist saman í borginni um 577 tonn. Losun vegna raforku hefur dregist saman um 82 tonn og losun vegna úrgangs hefur aukist um 387 tonn.

Stærsta viðfangsefnið og mestu tækifærin til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda liggja í breyttum samgöngum. Þar er mesta losunin, bæði landfræðilega og í rekstri borgarinnar, segir í drögunum. Það er því stefnt að því að gera borgina gönguvæna. Þá er talað um að fækka bensínstöðvum, fækka bílastæðum um tvö prósent á ári og mengunarlaus svæði skilgreind.

Þrátt fyrir fögur loforð er ekkert minnst á nagladekk en Vigdís segir að það sé ástæða fyrir því. „Það sem birtist okkur er að það er mikil uppbygging á Suðurlandi vegna lóðaskortsstefnu meirihlutans í borginni. Fólk er að leita eftir stærra húsnæði, jafnvel leikskólaplássi en foreldrarnir þurfa að sækja vinnu til borgarinnar. Það er því ekkert hægt að taka nagladekk úr umferð," segir Vigdís. Hún bendir einnig á að göturnar séu illa þrifnar og hún sé með fyrirspurn inni á borði um hve oft götur voru þrifnar í Reykjavík í fyrra.

Þess má geta að í rannsóknarskýrslu Vegagerðarinnar; Losun svifryks frá gatnakerfinu á höfuðborgarsvæðinu – ferlar og líkan, segir að verulega þurfi að draga úr nagladekkjanotkun en nánari greining gefur til kynna að nagladekkjanotkun sé langveigamesti þátturinn í myndun svifryks frá umferð á höfuðborgarsvæðinu.

Vigdís veit þó hvað hún syngur þegar kemur að loftslagsmálum og fagnar því að tekið var tillit til hennar sjónarmiða, meðal annars að notast við eins nýjar upplýsingar og til voru. Vinna hópsins tafðist um nokkra mánuði vegna þessa en töfin leiddi það af sér að vinna hópsins bætti faglega niðurstöðu skýrslunnar. „Fyrst átti að notast við tölur frá árinu 2015 sem ég benti á að það væri ekki hægt að byggja loftslagsstefnu á gömlum upplýsingum. Vinnan frestaðist því það var verið að afla nýrra gagna."

benediktboas@frettabladid.is

Ekki er minnst á nagladekk í stefnu Reykjavíkurborgar til árins 2025 og er því áfram búist við gráum dögum þar sem leikskólabörn og þeir sem eru með lungnasjúkdóma mega ekki fara út. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Laser á miðnætti

Alls bárust 218 hugmyndir frá borgarbúum. Þar kom meðal annars fram að banna ætti einkabíl í póstnúmerinu 101. Gera leiðir strætó greiðfærari, tíðari og hafa frítt í vagnana. Setja strætómiða í kaupbæti með miðum á tónleika og í kvikmyndahús. Meina öllum skemmtiferðaskipum landfestu við hafnir Reykjavíkur þar til hægt er að rafvæða þau þegar þau liggja við bryggju.
Hanna leigulóðir á Kjalarnesi fyrir smáhýsi. Seinkun á skóla til tíu og minnka þannig svokallaða „Stop and go" umferð sem mengar meira og krakkarnir læra betur útsofnir.
Hafa einn eða tvo dag í viku þar sem ekki verður leyft að nota þvottavélar.
Mælast til að fólk skjóti upp flugeldum milli 23 og 24 á gamlárskvöld. Börn mættu áfram vera með blys og stjörnuljós fyrr um kvöldið. Þá verður boðið upp á lasersýningu við Hallgrímskirkju um miðnætti.

Fyrst átti að notast við tölur frá árinu 2015 sem ég benti á að það væri ekki hægt að byggja loftslagsstefnu á gömlum upplýsingum.

Vigdís Hauksdóttir, fulltrúi Miðflokksins

ÍSBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16 • LOKAÐ Í DAG 2. JANÚAR

PARKET - FLÍSAR - HURÐIR

JANÚAR ÚTSALA

VERÐDÆMI

KRONOTEX HARÐPARKET

8 mm AC4 VERÐ FRÁ **1.590** KR. m²
10 mm AC5 VERÐ FRÁ **2.990** KR. m²
12 mm AC5 VERÐ FRÁ **3.890** KR. m²

VIÐARPARKET

KÄHRS 3JA STAFA VERÐ FRÁ **4.990** KR. m²
BJELIN PLANKAPARKET VERÐ FRÁ **6.990** KR. m²

VÍNYLPARKET KÄHRS 6 mm með undirlagi

VERÐ FRÁ **5.990** KR. m²

VEGG- & GÓLFFLÍSAR

30x60 cm hvítar veggflísar VERÐ FRÁ **2.990** KR. m²
60x60 cm vegg- og gólfflísar VERÐ FRÁ **4.790** KR. m²

RINGO INNIHURÐIR

HURÐ OG KARMUR HVÍTLAKKAÐ
VERÐ FRÁ **39.990** KR.

40% AFSLÁTTUR AF FYLGIHLUTUM
MEÐ GÓLFEFNUM

Birgisson®

Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is

Yfir hundrað börn bjuggu í Kvennaathvarfinu á síðasta ári

SAMFÉLAG Alls dvöldu 248 einstaklingar í Kvennaathvarfinu í Reykjavík á síðasta ári, 138 konur og 110 börn. Að meðaltali dvöldu konurnar í athvarfinu í 30 daga en börn að meðaltali í 34 daga. Daglega voru að meðaltali 12 konur og 10 börn í húsinu. Þetta kemur fram í komuskýrslu Kvennaathvarfsins fyrir síðasta ár.

312 konur komu í 620 viðtöl í athvarfinu á síðasta ári án þess að til dvalar kæmi en það er töluverð fjölgun miðað við árið 2019 þegar 294 konur komu í 545 viðtöl. Meðalaldur kvennanna sem leituðu í athvarfið árið 2020 var 38 ár en konur sem þangað leituðu voru á aldrinum 18-78 ára.

Flestar kvennanna sem leituðu í Kvennaathvarfið höfðu orðið fyrir andlegu ofbeldi, eða 90 prósent þeirra og 53 prósent höfðu orðið fyrir líkamlegu ofbeldi. Alls 44 prósent höfðu orðið fyrir efnahagslegu ofbeldi og 39 prósent fyrir kynferðislegu ofbeldi. Þá hafði lífi 26 prósent kvennanna verið hótað. Flestar kvennanna nefndu fleiri en eina ástæðu fyrir komu þeirra í athvarfið.

90%

Níutíu prósent kvenna sem leituðu í Kvennaathvarfið höfðu orðið fyrir andlegu ofbeldi.

Meirihluti kvennanna sem leituðu í athvarfið á síðasta ári voru að flýja maka eða fyrrverandi maka, sem voru á aldrinum 16-87 ára og voru 98 prósent þeirra karlar. Í 29 prósentum tilvika var um eiginmenn að ræða.

Sextíu prósent mæðra sem leituðu í Kvennaathvarfið nefndu ofbeldi gegn börnum þeirra sem eina birtingarmynd ofbeldis og í september var gerð grundvallarbreyting á þjónustu athvarfsins þegar félagsráðgjafi var ráðinn til að halda utan um þá þjónustu sem veitt skuli börnum sem þangað koma. – **bdj**

Húsið Skaftafell í Hveragerði sem deilt var um. MYND/GOOGLE EARTH

Vísa frá kæru bæjarfulltrúa

SKIPULAGSMÁL Kæru Njarðar Sigurðssonar, bæjarfulltrúa í Hveragerði, vegna leyfis sem bæjarstjórnin gaf fyrir niðurrifi á einbýlishúsi í bænum var vísað frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Hann kærði þá ákvörðun bæjarstjórnarinnar frá í okóber að heimila niðurrif á húsinu Skaftafelli í Heiðmörk 23 og byggingu nýs húss á lóðinni.

Kvaðst Njörður telja „að meðferð meirihluta bæjarstjórnar á málinu samrýmist ekki góðum og vönduðum stjórnsýsluháttum og að málið hafi ekki verið kannað til hlítar áður en ákvörðun hafi verið tekin.“. Þá sé húsið sem eigi að rífa innan reits sem njóti hverfisverndar.

Njörður Sigurðsson, bæjarfulltrúi í Hveragerði

Af hálfu bæjaryfirvalda var meðal annars tekið fram að nýja húsið falli vel að formi og hlutföllum núverandi byggðar í hverfinu og sé í samræmi við skilmála um hverfisvernd..

„Við mat á því hvort kærandi eigi lögvarinna hagsmuna að gæta af hinni kærðu ákvörðun verður að líta til þess að hús hans stendur í um það bil 700 metra fjarlægð frá þeirri lóð sem fyrirhugað niðurrif og byggingaráform taka til og er íbúðarbyggð þar á milli. Verður því ekki séð að hin kærða ákvörðun sé til þess fallin að raska persónulegum lögvörðum hagsmunum kæranda, svo sem grenndarhagsmunum,“ segir í niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar. – **gar**

Hlutabótaleiðin lifir fram á vor

ATVINNULEYSISBÆTUR Hlutabótaleiðin sem var fyrst kynnt í fyrsta aðgerðapakka stjórnvalda við efnahagslegum áhrifum kórónaveirufaraldursins var í gær framlengd til 31. maí. Í því felst réttur til greiðslu atvinnuleysisbóta samhliða minnkuðu starfshlutfalli vegna tímabundsins samdráttar í starfsemi vinnuveitenda.

Hlutabótaleiðin stóð áður til boða til áramótanna en áætlaður heildarkostnaður ríkissjóðs vegna breytinganna telur 6,7 milljarða. Af því fara sex milljarðar í framlenginguna og 700 milljónir í úrræði til atvinnuleitenda með börn. – **kpt**

Steinunn B. Ragnarsdóttir óperustjóri segist vilja setjast niður með söngvurum til að ræða samningamál en þeir taka það ekki í mál. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Allt traust farið í Óperunni

Söngvarar og fagfólk í óperusenunni lýsa yfir áhyggjum af framtíð óperunnar á Íslandi. Flytjendur í Brúðkaupi Fígarós segja allt traust farið og stofnmeðlimur Íslensku óperunnar segir stöðuna sorglega.

MENNING „Fyrst og fremst finnst mér þetta sorglegt, að fjörutíu árum eftir að við fórum af stað, skuli þetta vera komið í þetta,“ segir Ólöf Kolbrún Harðardóttir, einn frumkvöðlanna sem stóðu að stofnun Íslensku óperunnar 1980 með Garðar Cortes í broddi fylkingar. Ólöf var um tíma framkvæmdastjóri Óperunnar og tók við af Garðari sem óperustjóri árið 1992.

Ólöf Kolbrún Harðardóttir, fyrrverandi Óperustjóri

Klassískir söngvarar hafa lýst yfir vantrausti á stjórn og óperustjóra Íslensku óperunnar eftir sýknudóm í máli Þóru Einarsdóttur söngkonu gegn Óperunni, sem var dropinn sem fyllti mælinn eftir áralanga óánægju með starfsumhverfi söngvara í óperusenunni.

Ólöf Kolbrún segir fyrstu ár Óperunnar hafa gengið rosalega vel. Þetta hafi verið grasrótarfélag söngvara sem vildu sýna fram á að óperugreinin ætti sér stað á trénu ásamt hinum listgreinunum.

Hún veltir upp spurningum um hlutverk Íslensku óperunnar í stofnun þjóðaróperu.

„Það er ekki borin virðing fyrir

Eyrún Unnarsdóttir söngkona

Kristinn Sigmundsson söngvari

skoðunum fagfólks og alls ekki fyrir samningum þeirra. Svona getur þetta ekki gengið og mér þykir ekki ástæða, að fulltrúi frá Íslensku óperunni sem getur ekki unnið með söngvurum, sé inni í því að forma framtíðaróperu, enda leyfi ég mér að efast um að reynslan sé nógu mikil og góð,“ segir Ólöf Kolbrún.

Fjórfalt hærri laun á árshátíðum

Kristinn Sigmundsson bassi segir söngvara ávallt hafa upplifað áhyggjur með starfsumhverfi sitt á Íslandi — söngvarar hafa alltaf verið undirborgaðir, sérstaklega í óperum. Hann nefnir dæmi um þegar hann var að syngja hér á landi með stórt hlutverk í Íslensku óperunni.

„Þá var ég mikið að syngja um helgar, á árshátíðum og svoleiðis samkomum, þá fékk ég fjórum

Andri Björn Róbertsson söngvari

sinnum meira greitt fyrir það en það sem ég fékk fyrir stórt aðalhlutverk í Óperunni. Ég veit að þetta er þungur rekstur og kostnaðarsamt en söngvararnir hafa alltaf mætt afgangi, því miður.“

Samningarnir illa samsettir

„Það er greinilega mikil samstaða og áhugi meðal klassískra söngvara að koma þessum málum í réttan farveg,“ segir Andri Björn Róbertsson söngvari um félagsfund Klassís þar sem lýst var yfir vantrausti á stjórn og óperustjóra.

Steinunn Birna Ragnarsdóttir óperustjóri sagði í samtali við RÚV í gær að vantraustsyfirlýsingin kæmi henni á óvart og hefur hún lýst því yfir að hún vilji setjast niður með fulltrúum söngvara til að tala um hvernig samningagerðum í framtíðinni verði háttað. Andri segir þetta algjörlega út úr kú.

„Í ljósi vantrauststillögu er engin ástæða til að setjast niður með þeim. Traustið er farið. Ef óperustjóri hefur einhvern áhuga á samningamálum söngvara þá gæti hún bara byrjað á því að fara eftir samningi Óper-

> Ef óperustjóri hefur einhvern áhuga á samningamálum söngvara þá gæti hún bara byrjað á því að fara eftir samningi óperunnar við FÍH, sem er í gildi
>
> Andri Björn Róbertsson

unnar við FÍH, sem er í gildi.“

Eyrún Unnarsdóttir, sem sló í gegn í hlutverki Greifynjunnar í Brúðkaupi Fígarós, segist hafa upplifað og heyrt margt sem rýri traust hennar til Íslensku óperunnar. Hún segir langflest tækifæri erlendis og stöðuna sorglega á einokunarmarkaði á Íslandi.

„Það er náttúrulega algjör fákeppni og ekkert fyrir okkur að gera nema þegar Íslenska óperan aumkar sig yfir okkur og hringir. Það er ekkert annað í boði. í Það er náttúrulega algjör fákeppni og fátt fyrir okkur að gera nema þegar við erum það „heppin“ að fá hlutverk hjá ÍÓ.“

Þess vegna hafa söngvarar alla tíð leitað út. „Það er bara þannig og ekki hægt að skafa ofan af því. Flestir hafa látið margt yfir sig ganga út af þessari þrá og gleði að fá að syngja fyrir sitt fólk og sýna hvað maður hefur verið brasa. En nú virðist sú velvild og þrautseigja vera á þrotum.“

ingunnlara@frettabladid.is

ENNEMM / SÍA / NM003823

Rafmögnuð hönnun.
Frábær bíll verður enn betri.

Byltingin er hafin. Nýr Tucson er ekki bara einföld uppfærsla heldur er búið að bylta allri hönnuninni með þremur gerðum rafdrifinna aflrása. Markmiðið er minni losun og meiri akstursánægja.

Skoðaðu nýjan Tucson á hyundai.is.

HYUNDAI

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

7 ÁRA ÁBYRGÐ
FRAMTÍÐIN ER ÖRUGG

Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Kynntu þér sjö ára ábyrgð á hyundai.is.

Embættisafglöp Trumps fara fyrir dómstóla

BANDARÍKIN Fulltrúadeild bandaríska þingsins lagði í gær fram ákæru um brot Donalds Trump, fráfarandi forseta Bandaríkjanna, í starfi í von um að koma honum frá völdum eftir óeirðirnar við þinghúsið í Washington. Kæran er byggð á 25. ákvæði bandarísku stjórnarskráarinnar sem gerir varaforseta og ríkisstjórn kleift að setja af sitjandi forseta vegna þess að hann sé óhæfur til að sinna eigin starfi. Ef Mike Pence, varaforseti Donalds Trump, neitar að koma Trump frá störfum mun fulltrúadeildin knýja málið áfram.

Áætlað er að Trump láti af störfum sem forseti Bandaríkjanna þann 20. janúar næstkomandi en óeirðirnar í Washington á sama degi og kjörseðlarnir í nýafstöðnum forsetakosningum voru staðfestir gera það að verkum að óttast er um afleiðingar þess að bíða eftir forsetaskiptum. Fimm manns létust í óeirðunum eftir að stuðningsmönnum Trumps tókst að brjótast inn í þinghúsið.

Nancy Pelosi, forseti fulltrúadeildar bandaríska þingsins og fulltrúi demókrataflokksins, greindi frá því í gær að þingmenn repúblikanaflokksins hefðu komið í veg fyrir kosningu um ákæru á hendur Trumps í gær en kosið yrði um málið í dag.

Undanfarna daga hefur lögreglan í Bandaríkjunum handtekið rúmlega áttatíu manns sem tóku þátt í óeirðunum. **– kpt**



Kannabis verður aðeins fyrir íbúa

Ferðamenn fá ekki aðgengi að kannabiskökum

HOLLAND Borgarstjóri Amsterdam, Femke Halsema, hefur lagt fram þá tillögu að í framtíðinni verði kannabiskaffihús borgarinnar aðeins opin fyrir íbúa Amsterdam. Alls eru 166 slík kaffihús í Amsterdam en markmið tillögunnar er að ferðaþjónustan í borginni verði viðráðanlegri auk þess að gera yfirvöldum kleyft að hafa betri yfirsýn á kaupum kaffihúsanna á hinni forboðnu vöru. Öll kaffihús Amsterdamborgar eru lokuð um þessar mundir á meðan kórónaveirufaraldurinn gengur yfir. Tillaga Halsema verður rædd á borgarstjórnarfundi síðar í mánuðinum en ef hún verður samþykkt gæti svo farið að kannabiskaffihúsin opni ekki aftur fyrir erlenda ferðamenn. **– þþ**

Sex veiðiverðir drepnir í Kongó

KONGÓ Hópur byssumanna skaut sex veiðiverði til bana og særði fjölmarga aðra í árás sem átti sér stað í Virunga-þjóðgarðinum í Kongó á sunnudag. Þjóðgarðurinn er þekktur griðastaður fjallagórillna sem eru í bráðri útrýmingarhættu.

Á undanförnum árum hafa meira en 200 veiðiverðir látið lífið í slíkum árásum. Tylft vopnaðra hópa hafa barist um yfirráð yfir verðmætum auðlindum í austurhluta Kongó undanfarin ár og hafa fjármagnað baráttu sína með því að fara ránshendi um þjóðgarðinn. **– þþ**

Tekin af lífi óháð geðmati

Fyrsta aftaka alríkisyfirvalda í Bandaríkjunum á konu í tæp sjötíu ár verður í dag. Hún myrti barnshafandi konu árið 2007 og rændi barninu úr móðurkviði. Verjendur hafa kallað eftir geðmati og frestun aftökunnar.

BANDARÍKIN Lisa Montgomery verður að óbreyttu tekin af lífi í Indianaríki í dag. Hún verður þar með ellefti fanginn sem alríkisyfirvöld taka af lífi frá því að dómsmálaráðuneyti Bandaríkjanna hóf aftur aftökur í júlí eftir 16 ára hlé. Trump varð þá fyrsti forsetinn í 130 ár til að heimila aftökur á stjórnarskiptatíma. Dómsmálaráðuneytið hefur ekki svarað bón verjenda hennar um að hún verði dæmd í lífstíðarfangelsi fremur en til dauða.

Joe Biden tilvonandi forseti er andsnúinn dauðarefsingum að sögn talsmanns hans. Biden hefur ekki tilkynnt hvort hann muni stöðva aftökur á alríkisföngum er hann tekur við embætti 20. janúar.

Montgomery var dæmd til dauða árið 2007 fyrir mannrán og morðið á hinni 23 ára gömlu Bobbie Jo Stinnett árið 2004 sem var komin átta mánuði á leið. Montgomery skar barnið úr kvið hennar og lét sem það væri sitt uns hún var handtekin degi síðar. Barnið lifði ódæðið af og var komið til föður síns.

Málsvörn lögfræðinga Montgomery var að hún hafi ekki verið meðvituð um gjörðir sínar vegna geðraskana. Kviðdómur féllst ekki á það og dæmdi hana til dauða, þar sem henni hafi verið ljóst hve alvarlegan glæp hún framdi. Verjendur Montgomery voru síðar gagnrýndir fyrir málsvörnina. Alvarleiki geðraskana sem hrjáðu hana er morðið átti sér stað kom ekki að fullu fram við réttarhöldin, einungis við áfrýjun er Montgomery var komin með nýja verjendur. Þeir fullyrða að Montgomery hafi glímt við langvinnan heilakvilla vegna áverka sem hún hefur orðið fyrir um ævina. Verjendurnir hafa beðið yfirvöld um að dæma hana frekar til lífstíðarfangelsis en dauða. Hæstiréttur Bandaríkjanna hefur dæmt aftökur á andlega vanhæfu fólki ólöglegar og á Montgomery rétt á að sérfræðingur meti hana sem er ekki mögulegt vegna COVID-19 faraldursins.

Mótmælandi fyrir utan alríkisfangelsið í Terra Haute þar sem aftakan fer fram. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Í fangelsi hefur Montgomery sagt frá ævi sinni fram að morðinu í samræðum við sérfræðinga. Hún fæddist með áfengisheilkenni, ólst upp við erfiðar aðstæður og var frá unga aldri beitt grófu líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi. Hálfsystir hennar var fjarlægð af heimilinu af barnaverndaryfirvöldum en ekki Montgomery og ofbeldinu linnti ekki.

Þrátt fyrir að hún gerði viðvart um ofbeldið hlaut Montgomery aldrei neina aðstoð. Hún giftist stjúpbróður sínum 18 ára gömul sem beitti hana einnig miklu ofbeldi. Er hún varð eldri glímdi hún við ýmsar geðraskanir og átti erfitt með að halda tengingu við raunveruleikann.

thorvardur@frettabladid.is

NÝIR STYRKIR TIL KOLEFNISBINDINGAR:

Vorviður

Stuðningur við skógrækt félaga og samtaka

UPPLÝSINGAR OG UMSÓKNIR:
www.skogur.is/vorvidur

UMSÓKNARFRESTUR TIL 1. FEBRÚAR 2021!

skógræktin

Matvæli eru meðal þess sem er komið á bannlista. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Bannað að ferðast með samlokur milli landa

BREXIT Undanfarna daga hafa hollenskir tollverðir lagt hald á matvæli hjá bílstjórum sem koma keyrandi frá Bretlandi til Hollands. Myndbandsupptaka af hollenskum tollverði að gera álpappírsvafða skinkusamloku upptæka hjá breskum bílstjóra hefur vakið talsverða athygli ytra. Á myndbandinu bendir tollvörðurinn bílstjóranum á að frá og með 1. janúar sé óheimilt að flytja matvæli úr dýraafurðum frá Bretlandi til Evrópusambandsríkja. „Geturðu tekið skinkuna og leyft mér að halda brauðinu?“ segir bílstjórinn þá vongóður en fær þá svarið: „Nei, allt verður gert upptækt. Velkominn í Brexit, herra minn. Mér þykir þetta leitt.“

Breskir fjölmiðlar greina ennfremur frá því að matvælaframleiðendur hafi lent í vandræðum með að flytja vörur sínar til og frá Bretlandi. Skriffinnska hafi aukist mikið og flóknara sé að fylla út öll fylgiskjöl. **– þþ**

ÚTSALA

20-50%

AFSLÁTTUR

KINGSTON

Rafdrifin leður ZeroGravity hægindasófi frá Violino.

50% afsláttur

Útsöluverð

199.400 kr.

Verð áður 398.800 kr.

2 litir svartur og grár.

Rúmföt	Heilsurúm	Sófar	Hægindastólar	Gjafavara	Húsgögn
-20%	-20-40%	-20-50%	-20%	-20%	-20-50%

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP STRAX Í DAG

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Tístlaus Trump

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Í kjölfar óeirða í og við þinghús Bandaríkjanna bannaði samfélagsmiðillinn Twitter einn dyggasta notanda sinn, Donald Trump. Forsetinn fékk viðvörun um að lokunin gæti orðið endanleg ef hann héldi áfram að birta samsæriskenningar um kosningasvindl og hvetti til frekari óeirða. Skemmst er frá því að segja að aðgangur forsetans verður ekki opnaður á ný.

Samkvæmt tilkynningu frá Twitter var aðgangur eins og @realDonaldTrump hannaður svo almenningur gæti heyrt beint frá kjörnum fulltrúum sínum og þjóðarleiðtogum. Nokkuð sem Trump hefur óspart notað sér og þannig oftar en ekki farið fram hjá hefðbundnum fjölmiðlum sem hann ber skert traust til.

Hugmyndin er sú að þannig geti fólkið haft bein áhrif – en þannig gat Trump haft bein áhrif – ófilteraður og eins og nýjasta dæmið sannar: Stórhættulegur.

Samkvæmt reglum Twitter er skýrt að reikningar þessir eru eins og aðrir háðir reglum miðilsins þar sem bann er lagt við því að hvetja til ofbeldis. Miðillinn getur því algjörlega staðið á lokuninni en ákvörðunin hefur þó varla verið auðveld enda hafa færslur Trumps, hvað sem fólki finnst um þær, haft mikið aðdráttarafl.

Með þessu útspili er valdið að einhverju leyti komið yfir á ókjörna einkaaðila sem geta ákveðið hvernig og hvenær þeir refsa fyrir brot á reglum sínum. Má leiða líkur að því að nú henti ágætlega að loka á Trump, á meðan til að mynda hinn íranski Ayatollah, Ruhollah Musavi Khomeini, er enn virkur notandi sem hlýtur að teljast ákveðinn tvískinnungur.

Töluverðar umræður hafa skapast um það hvort Twitter sé með þessari útilokun að hefta tjáningarfrelsi Trumps sem varið er með fyrsta viðauka réttindaskrár bandarísku stjórnarskrárinnar.

En hvers vegna ætti einkafyrirtæki á við Twitter og síðar Facebook, Google og YouTube, sem öll hafa að einhverju leyti lokað á forsetann, að standa vörð um téð tjáningarfrelsi þegar það augljóslega brýtur í bága við reglur sem það setur notendum sínum?

Síðasta færsla Trumps á Twitter var svo sannarlega ekki sú eina sem miðillinn taldi brjóta gegn reglum en allt frá maí síðastliðnum hafa fjölmargar færslur hans verið merktar varhugaverðar af ólíkum ástæðum.

Eftir kosningaósigurinn hefur Trump helst notað miðilinn til að ráðast á arftaka sinn, afneita sigri hans, birta ásakanir um kosningasvindl og hvetja stuðningsmenn sína til að taka málin í sínar hendur.

Áróðrinum hefur Trump með einu klikki dreift til tæplega 90 milljóna fylgjenda sinna sem margir hverjir, augljóslega, taka ásökunum sem sannleika.

Maðurinn sem úthúðað hefur fjölmiðlum frá fyrsta degi hefur misst aðgang að „fjölmiðlinum“ sem hann sjálfur kaus sér. Miðlinum sem spurði hann aldrei erfiðra spurninga en varaði þó undir lokin við hatursáróðri hans og lygum.

En veraldarvefurinn er endalaus, Trump er nú þegar farinn að finna áróðri sínum nýjan farveg og verður ekki þaggaður niður kjósi hann að tjá sig.

Til þess þarf hann ekki Twitter þó miðillinn hafi sannarlega hjálpað til og flýtt fyrir.

Áróðrinum hefur Trump með einu klikki dreift til tæplega 90 milljóna fylgjenda sinna sem margir hverjir, augljóslega, taka ásökunum sem sannleika.

Halldór



Frá degi til dags

Hinir framliðnu

Í skjölum sem var lekið til fjölmiðla og bland.is kemur í ljós að stórtækur undirheimahöfuðpaur var uppljóstrari lögreglunnar í áraraðir. Viðbrögð ríkisins voru hressilega fyrirsjáanleg. Ekki er hægt að ræða einstaka skandala en gagnalekinn er litinn alvarlegum augum. Ekki er hægt að tala opinskátt um samkomulagið á milli löggunnar og undirheimamannsins. Hvað þá það galna ástand að allar löggur hafi haldið að hinar löggurnar væru á launum hjá undirheimamönnum. Verður þetta mögulega síðasti sjálfsagði lekinn sem ríkið þarf að harma og þegja um þar sem um áramót tóku í gildi ný uppljóstraralög sem skylda fólk að ljóstra upp um svona vafasöm bix.

Á hverfanda hveli

Stórt skref í fjölmiðlum var stigið í gær þegar Stöð 2 tilkynnti að kvöldfréttatíminn yrði í lokaðri dagskrá. Samhliða því var Café Bleu í Kringlunni lokað. Í tilkynningu segir að rekstur kaffihússins hafi ekki gengið sem skyldi, enginn hafi tekið eftir staðnum og þeir sem hafi komið þangað muni ekki eftir því. Þá sé erfitt að keppa við ríkisfjölmiðil, fréttastofan kosti marga peninga og færri muni taka eftir því að kvöldfréttirnar hætti alfarið ef færri horfi á þær.

ari@frettabladid.is

Þjónusta á tímum COVID

Gunnar Einarsson
bæjarstjóri Garðabæjar

Álag á framlínufólk hefur verið mikið á liðnu ári og ekki síst hjá starfsfólki sveitarfélaga. Í ljósi þessa er þakkarvert að Garðabær lendir í 1. sæti þegar íbúar eru spurðir um ánægju með þjónustu sveitarfélagsins á heildina litið í samanburði við önnur sveitarfélög. Þetta kemur fram í nýlegum niðurstöðum árlegrar þjónustukönnunar Gallup þar sem viðhorf íbúa til þjónustu í 20 stærstu sveitarfélögum landsins er mælt. Garðabær lendir einnig í efsta sæti þegar spurt er um ánægju íbúa á heildina litið með sveitarfélagið sem staðar til að búa á og þegar spurt er um gæði umhverfisins í nágrenni við heimili.

Garðabær hefur á liðnum árum nýtt niðurstöðurnar til að gera enn betur. Áfram eru sóknarfæri í að bæta þjónustu við fatlað fólk og eldri borgara í sveitarfélaginu en þeir sem nýta þjónustuna eru ánægðari með hana en aðrir aðspurðir. Ánægjulegt er að Garðabær skorar áfram hátt þegar spurt er um þjónustu við barnafjölskyldur og er þar í 2. sæti á heildina litið eða efst ef tekið er mið af níu fjölmennustu sveitarfélögunum.

Mikil íbúafjölgun hefur átt sér stað í Garðabæ á liðnu ári og íbúar bæjarins eru núna að nálgast 18 þúsund. Næst mesta fjölgun íbúa á landinu öllu á síðasta ári var í Garðabæ og hlutfallslega var mest fjölgun í Garðabæ í samanburði við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu eða um 4,5% fjölgun. Það er áskorun að halda áfram úti góðri þjónustu um leið og mikil uppbygging á sér stað í bæjarfélaginu. Þegar spurt er um ánægju með skipulagsmál almennt er Garðabær í 1.-2. sæti.

Jákvæðni, fagmennska og áreiðanleiki eru gildi Garðabæjar og það má með sanni segja að þau hafi verið í hávegum höfð við að halda úti þjónustu bæjarins á krefjandi tímum sem þessum. Það er vert að þakka fyrir dugnað og umhyggju starfsmanna Garðabæjar um leið og bæjarbúum er þakkað fyrir góðar ábendingar um það sem betur má fara. Verkefnið er áfram að bæta það sem betur má fara í okkar annars góða samfélagi.

Þegar spurt er um ánægju með skipulagsmál almennt er Garðabær í 1.-2. sæti.

HAFÐU FJÖLÞÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

93.000 Íslendingar lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma **550 5050** eða sendu tölvupóst á **orn@frettabladid.is.**

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.

*Prentmælingar Gallup, 12.-80 ára, okt.-des. 2019. Mælir Blaðalesturs Hagstofu Íslands 2019

FRÉTTABLAÐIÐ – MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Við viljum frjálslynda miðjustjórn

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
formaður Viðreisnar

Sjálfstæðisflokkurinn vill íhaldsstjórn, Samfylkingin vill hreina vinstri stjórn, Viðreisn vill frjálslynda stjórn. Þetta eru kostirnir, sem kjósendur hafa.

Viðreisn varð til vegna þess að það myndaðist tómarúm hægra megin við miðju stjórnmálanna. Í hreinu vinstristjórninni eftir hrun fór Samfylkingin alveg upp að VG og hefur vart þokast þaðan síðan. Í kjölfarið fór Sjálfstæðisflokkurinn á eftir núverandi forystu Miðflokksins mjög langt til hægri og yfirgaf samhliða forystuhlutverk sitt um utanríkismál og evrópska samvinnu. Munurinn milli hans og Miðflokks minnkar stöðugt.

Eftir þetta þurfti nýtt frjálslynt afl til þess að mynda kjölfestu næst miðjunni. Afl sem stendur vörð um verðmætasköpun og velferð. Talar fyrir kerfisbreytingum og alþjóðlegri samvinnu. Ábyrgum rekstri ríkissjóðs og frelsi einstaklinga. Við höfðum enga draumóra um að sigra heiminn en höfðum ástríðu fyrir okkar hugmyndum. Hún er óbreytt.

Það þarf hreyfiafl í næstu ríkisstjórn

Þetta þýðir að hrein vinstristjórn getur ekki orðið til með Viðreisn. Á sama hátt verður hrein íhaldsstjórn yst til hægri ekki til með Viðreisn. Til þess að Viðreisn fari í ríkisstjórn þarf málamiðlanir þar sem frjálslyndi næst miðjunni verður kjölfestan. Ég hef áður skrifað að valið stendur á milli íhalds, lengst til hægri og vinstri, eða frjálslyndis.

Núverandi stjórn var mynduð sem sáttargjörð milli íhaldsaflanna í VG og Sjálfstæðisflokknum. Svona kyrrstöðustjórn gat gengið í góðæri. Ef við eigum hins vegar að geta vaxið út úr kreppunni þarf nýja hugsun og nýjar lausnir. Áframhaldandi íhaldssemi er loforð um kyrrstöðu og kyrrstaða er loforð um niðurskurð velferðarkerfisins þegar svigrúm til áframhaldandi lántöku þrýtur.

Næsta ríksstjórn þarf því að vera hreyfiafl sem auðveldar atvinnulífinu að hlaupa hraðar og skapa aukin verðmæti. Það er lykilatriði svo stjórnmálafólk geti varið velferðar- og menntakerfið og hér verði samkeppnishæf lífskjör.

Öllum má vera ljóst að ný ríkisstjórn verður ekki hreyfiafl nema hún sé reiðubúin til breytinga. Áherslur okkar í Viðreisn miða að því að auðvelda viðreisn atvinnulífsins og ríkisfjármálanna. Skapa verðmæti og verja velferðina.

Samstarfsmöguleikar um kerfisbreytingar

Við þurfum stöðugan gjaldmiðil. Eins og málum er nú háttað er brýnast að tengja krónuna við evru. Það er mikilvægt fyrir heimilin, ríkissjóð og lífeyrissjóðina og forsenda kraftmikillar nýsköpunar í þekkingariðnaði, sem verður að eiga sér stað á næstu árum. Fyrir útflutningsgreinarnar er stöðugur gjaldmiðill lykilatriði enda engin tilviljun að stærstu fyrirtækin í sjávarútvegi og iðnaði gera upp í erlendum gjaldmiðlum. Meðan að almenningur situr uppi með áhættuna með krónuna.

Við þurfum umhverfi þar sem öflugir fjárfestingasjóðir og bankar fyrir atvinnulífið geta þrifist og nýsköpunarfyrirtæki eiga raunverulega möguleika á að sækja sér fjármagn til að vaxa og dafna á Íslandi. Í dag er Ísland lítið annað en stökkpallur fyrir nýsköpunar- og þekkingarfyrirtæki sem sjá litla möguleiki á því að gera Ísland að sínu framtíðarheimili. Nú þegar heimurinn allur stendur frammi fyrir því að þurfa hugsa ótal hluti upp á nýtt má Ísland ekki verða land kyrrstöðu. Stjórnvöld sem hafa hvorki vilja né þor til að stokka upp í úreltum kerfum geta aldrei leitt þjóðina út úr djúpri kreppu og þrengingum.

Við höfum einnig ítrekað að þjóðareign á fiskveiðiauðlindinni verði tryggð með tímabundnum samningum í stjórnarskrá. Við viljum hagnýta markaðinn til að finna eðlilegt verð. Um leið leggjum við áherslu á aukið gegnsæi og dreifða eignaraðild stærstu fyrirtækja í sjávarútvegi.

Samstarfsmöguleikar um ábyrg ríkisfjármál

Þegar kemur að ríkisfjármálunum hefur ríkisstjórnin þegar samþykkt fármálaáætlun til fimm ára. Mitt mat er að ekki verði erfitt fyrir okkur að ná saman um heildarramma hefðbundinna útgjalda á þeim grunni.

Samfylkingin hefur ákveðið að festa sig á vinstri vængnum, ekki síst til að höfða til kjósenda VG. Hætta er á að það kalli á stóraukin hefðbundin útgjöld og hærri skatta. Líklegt er að það versni til muna þegar sígilt útgjaldakapphlaup vinstri flokka hefst rétt fyrir kosningar. Það gerðist síðast og mun gerast aftur. Þetta getur gert samninga um ábyrga ríkisfjármálapólitík erfiða fyrir okkur sem viljum frjálslynda og ábyrga miðjustjórn.

Þetta eru bara dæmi, sem sýna að málefnastaðan getur verið flókin. Í heilbrigðismálum á t.a.m. að einblína á sjúklinginn sjálfan. Ef það þýðir að við þurfum að nýta bæði opinbera sem sjálfstætt starfandi aðila þá gerum við það. Vinstri flokkarnir (og ríkisstjórnin) hafa átt erfitt með að þessa stefnu okkar enda valfrelsi þeim ekki efst í huga. Á hinn bóginn eru mál eins og jafnrétti, mannréttindi og umhverfismál ekki ofarlega á forgangslista hægri íhaldsflokkanna. Eins ótrúlegt og það er.

Ég hef með mjög ákveðnum hætti sagt að Viðreisn mun ekki útiloka samstarf við einhverja flokka fyrirfram. Einu takmörkin sem við setjum er að vera trú þeirri grundvallarhugmyndafræði, sem við tölum fyrir.

Flókið púsluspil frekar en einföld samlagning

Ég vil einfaldlega vera hreinskilin um það fyrir kosningar hvar ég sé málefnalega möguleika á samstarfi og hvar ég sé málefnalegar þrengingar. Umræður um stjórnarmyndun, sem byggist eingöngu á einfaldri samlagningu á þingsætum flokka segja ekki mikið.

Hitt er áhugaverðara að rýna meira í hvernig koma má saman flóknu púsluspili misjafnlega ólíkrar hugmyndafræði.

Sjálfstæðisflokkurinn vill íhaldsstjórn, Samfylkingin vill hreina vinstri stjórn, Viðreisn vill frjálslynda stjórn. Þetta eru kostirnir, sem kjósendur hafa.

Því sterkari sem Viðreisn kemur til leiks því meiri líkur eru á að frjálslynd viðhorf móti þá ríkisstjórn, sem bera mun ábyrgð á viðreisninni eftir kórónuveirukreppuna. Það er ekkert skyndiáhlaup, heldur langtímaverkefni, sem kallar á heilsteypt samstarf og skýra sýn á framtíðina.

Áfanga fagnað

Guðrún Erla Sigurðardóttir
þýskukennari

Fyrir Stjórn Félags þýskukennara.

Félag þýskukennara er 50 ára um þessar mundir. Þegar blaðað er í dagblöðum ársins 1970 ber ýmislegt fyrir augu, Hekla gaus, stífla sprengd í Laxá, fyrsta konan settist í ráðherrastól, konur á rauðum sokkum fjölmenntu í kröfugöngu 1. maí og kröfðust jafnréttis og réttlætis og íslenskir námsmenn börðust fyrir bættu skólakerfi og betri námslánum. Á lista- og menningarsviðinu má nefna að Listahátíð í Reykjavík var haldin í fyrsta sinn með mörgum einstökum viðburðum.

Þetta var árið sem Félag þýzkukennara var stofnað. Helsti hvatamaður að stofnun þess og fyrsti formaðurinn var Baldur Ingólfsson, kennslubókahöfundur og þýskukennari við Menntaskólann í Reykjavík. Félagið er fyrir alla sem starfa við og hafa réttindi til þýskukennslu. Markmið félagsins hefur alla tíð verið að efla faglega umræðu og samstarf meðal þýskukennara og stuðla að aukinni fræðslu og menntun félagsmanna.

Verkefni félagsins hafa verið margvísleg gegnum árin og félagið varð strax mikilvægt fyrir menningarleg samskipti Þýskalands og Íslands. Það fór fljótlega að láta til sín taka á mörgum sviðum samskipta landanna og sem tengiliður við Þýskaland fyrir íslenska námsmenn og aðra sem leituðu til félagsins. Það hefur haft frumkvæði að margskonar starfi til að efla þýsku sem þriðja tungumál í samstarfi við Þýska sendiráðið á Íslandi og Goethe-stofnunina sem m.a. stóð að baki rekstri Þýska bókasafnsins í Reykjavík. Enn í dag er samstarf félagsins og Goethe-stofnunarinnar með miklum blóma og eru námskeið haldin með reglubundnum hætti fyrir þýskukennara hérlendis sem og erlendis.

Starfsemi Félags þýzkukennara hefur blómstrað gegnum árin og staðið fyrir nýbreytni til eflingar á áhuga íslenskra nemenda í góðu samstarfi við sendiráð Þýskalands eins og að bjóða nemendum upp á Þýskuþraut þar sem þeir reyna kunnáttu sína ásamt stuttmyndakeppni og fleiri áhugaverðum hlutum. Einnig ber að nefna samstarf félagsins við Háskóla Íslands og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Gaman er að nefna til dæmis Þýskubílinn svonefnda sem heimsótti marga framhalds- og grunnskóla landsins með fróðleik um heimsmeistarakeppnina í knattspyrnu sem fram fór í Þýskalandi 2006 og ók frú Vigdís Finnbogadóttir með úr höfuðborginni fyrstu kílómetrana. Margir félagar hafa tekið þátt í svonefndum Berlínarferðum og þróað jafnvel heila námsáfanga kringum slíkar ferðir sem hafa verið afar vinsælar hjá nemendum og heppnast vel. Megi félagið blómstra áfram og skapa nýjar leiðir og hefðir í þýskunáminu nemendum framtíðarinnar til gagns og gamans.

Formaður Félags þýskukennara, Stefanie Meyer, í svonefndum þýskubíl

Viltu leggja þitt af mörkum í starfi VR?

Uppstillinganefnd VR óskar eftir frambjóðendum til trúnaðarráðs VR. Áhugasöm geta gefið kost á sér með því að senda erindi á netfangið **uppstillinganefnd@vr.is fyrir kl. 12.00 á hádegi þann 22. janúar næstkomandi.**

Í samræmi við lög VR óskar uppstillinganefnd eftir frambjóðendum til að skipa lista stjórnar og trúnaðarráðs vegna listakosningar um trúnaðarráð í félaginu.

Uppstillinganefnd stillir upp lista til trúnaðarráðs sem endurspeglar félagið eins og mögulegt er hvað varðar aldur, kyn og störf félagsmanna. Einnig verður litið til félagsaðildar og starfa fyrir félagið.

Hlutverk trúnaðarráðs VR er að vera stjórn félagsins ráðgefandi varðandi ýmis stærri málefni sem upp koma í starfsemi félagsins, svo sem við gerð kjarasamninga og stærri framkvæmdir.

Uppstillinganefnd VR

VR • Kringlunni 7 • 103 Reykjavík • Sími: 510 1700 • vr@vr.is • vr.is

VR

Finnur í leik gegn FH. MYND/STEFÁN

Tóku tilboði frá Svíþjóð í Finn

FÓTBOLTI Knattspyrnumaðurinn Finnur Tómas Pálmason er að öllum líkindum á leið til sænska úrvalsdeildarliðsins Norrköping frá KR. Það var fotbolti.net sem greindi frá þessu. KR-ingar hafa samþykkt kauptilboð í Finn Tómas, sem fór til reynslu hjá Norrköping undir lok síðasta árs, og hefur greinilega heillað forráðamenn sænska félagsins. Finnur Tómas er svo á leiðinni til Svíþjóðar að semja um kaup og kjör við Norrköping.

Þessi 19 ára gamli varnarmaður braut sér leið inn í KR-liðið árið 2019 og var lykilleikmaður hjá liðinu sem varð Íslandsmeistari það árið.

Finnur Tómas verður liðsfélagi Ísaks Bergmanns Jóhannessonar og Olivers Stefánssonar hjá Norrköping ef af vistaskiptunum verður en Ísak Bergmann hefur reyndar verið orðaður við brottför frá félaginu. Þar hefur Salzburg einna helst verið nefnt til sögunnar auk stórliðanna Liverpool, Manchester United og Juventus. Norrköping hafnaði í sjötta sæti sænsku úrvalsdeildarinnar á síðasta keppnistímabili. **– hó**

Hvergi nærri hættur á 54. ári

FÓTBOLTI Japanski knattspyrnumaðurinn Kazuyoshi Miura hefur framlengt samning sinn við Yokohama sem leikur í efstu deild þar í landi. Er þetta athyglisvert í ljósi þess að hann verður 54 ára gamall 26. febrúar næstkomandi.

Þessi magnaði knattspyrnumaður, sem gengur undir viðurnefninu „Kazu kóngur“ í Japan, er að spila sitt 15. tímabil með Yokohama og er sínu sautjánda tímabil í efstu deildinni í heimlandi sínu. Árið 2017 varð hann elsti leikmaðurinn til þess að skora í japönsku efstu deildinni og fyrr á þessu ári elsti leikmaðurinn í sögunni á heimsvísu til að skora í efstu deild **– hó**

Mikilvægt skref í átt að bættri aðstöðu fyrir Akureyringa

Stefnt er að því að framkvæmdum við bætta aðstöðu á félagssvæði KA við Dalsbraut verði lokið fyrir árið 2024. Akureyrarbær og KA hafa undirritað viljayfirlýsingu um uppbygginguna og 600 milljónir hafa verið eyrnamerktar í verkefnið. Núverandi samningur um notkun á Akureyrarvelli gildir til 2024.

AÐSTÖÐUMÁL KA-menn hafa verið í viðræðum við Akureyrarbæ undanfarin ár um uppbyggingu á svæði félagsins við Dalsbraut. Um nýliðna helgi skrifuðu Akureyrarbær og Knattspyrnufélag Akureyrar undir viljayfirlýsingu er snýr að uppbyggingu íþróttamannvirkja á svæðinu.

Fram kemur í viljayfirlýsingunni að KA sé nú heimilt að hefja deiliskipulagsvinnu á félagssvæði sínu þar sem stefnt er að byggingu gervigrasvallar, áhorfendastúku og félagsaðstöðu.

Ingvar Már Gíslason, formaður KA, segir að um stórt skref sé að ræða og fagnar því að félaginu sé treyst til þess að vinna deiliskipulag að framtíðaruppbyggingu félagssvæðis síns. Það er sérstaklega ánægjulegt að kórónaveirufaraldurinn hafi ekki meiri áhrif á áform bæjarins um uppbyggingu á svæðinu en faraldurinn hefur nú þegar haft.

„Þetta eru auðvitað gríðarlega ánægjuleg tíðindi að málin séu að þokast í rétta átt hvað uppbyggingu á svæðinu okkar varðar. Áformum um byggingu á svæðinu við Dalsbraut var frestað um eitt ár vegna faraldurins og við KA-menn sýnum því fullan skilning. Það er hins vegar afar jákvætt að bærinn sýni vilja í verki að láta áformin ekki frestast enn frekar,“ segir Ingvar Már í samtali við Fréttablaðið um viljayfirlýsingu bæjarins og félagsins.

„Við höfum í töluverðan tíma haft hug á því að byggja alla okkar starfsemi upp á KA svæðinu við Dalsbraut. Í því felst ákveðið hagræði. Þá er það svo að félagið hefur eflst mjög á síðustu árum og iðkendum fjölgað mikið ekki síst vegna þess hvernig bærinn hefur byggst upp undanfarin ár. Skýrsla um uppbyggingu íþróttamannvirkja á Akureyri sem kom út í október 2019 tók að stóru leyti undir okkar sýn.

Engu að síður þarf að horfa á heildarmyndina. Núgildandi samningur KA við Akureyrarbæ um nýtingu á Akureyrarvelli rennur út árið 2024 og það er vilji beggja aðila að starfið muni færast alfarið að Dalsbraut í stað þess að bæta þá aðstöðu sem þar er fyrir. Það er ljóst að Akureyrarvöllur þarfnast mikils viðhalds og uppbyggingar ef hann á að hæfa því starfi sem knattspyrnudeildin sinnir.

Eitt stærsta drengjamót hvers árs, N1-mótið, fer fram á KA-svæðinu á Akureyri. MYND/EGILL BJARNI FRIÐJÓNSSON

> **Við höfum í töluverðan tíma haft hug á því að byggja alla okkar starfsemi upp á KA svæðinu við Dalsbraut.**
>
> Ingvar Már Gíslason, formaður KA

Hvorugur aðilinn hefur áhuga á því og það er nokkuð skýrt í íþróttastefnu Akureyrarbæjar að það er vilji til að fækka íþróttafélögum, en ekki endilega íþróttagreinum, með þeim hætti að fjölgreinaíþróttafélögin taki að sér stærra hlutverk. Það er stefna KA-manna að sem mest af starfseminni verði við Dalsbraut,“ segir Ingvar Már um stöðu mála hjá félaginu.

„Það er auðvitað vilji KA að hafist verði handa við uppbyggingu fyrr og mikilvægt að skoða alla möguleika í því samhengi. Við verðum hins vegar að virða þær aðstæður sem eru uppi vegna þess fjárhagslega höggs sem faraldurinn hefur verið fyrir rekstur bæjarins.

Bærinn hefur eyrnamerkt samtalst 600 milljónir í verkefnið sem við teljum duga fyrir gervigrasvellinum og stúkunni í kringum hann. Félagið telur að heildarkostnaður á þeim framkvæmdum sem eru fyrirhugaðar hlaupi á um það bil 850 til 1.000 milljónum samkvæmt grófu kostnaðarmati.

Nú verður farið í þá vinnu að smíða deiliskipulagið í samstarfi við deildir félagins þar sem greint verður hvaða þarfir eigi að fara í forgang. Það er ekkert launungarmál að við þurfum að bæta félagsaðstöðuna töluvert til þess að við getum annað eftirspurn með tilhlýðilegum hætti,“ segir formaðurinn um næstu skref í byggingu mannvirkjanna.

„KA er mikilvægt fyrir samfélagið hér á svæðinu. Við höfum áhuga á að efla okkar starf enn frekar í samræmi við þær skyldur og kröfur sem gerðar eru til okkar. Til að svo megi verða gefur það augaleið að bæta þarf aðstöðuna hjá okkur. Því gleðjumst við yfir því að síðustu mánuði hefur komist skriður á okkar mál og þrátt fyrir heimsfaraldur eru menn samstíga í því að horfa til framtíðar,“ segir hann enn fremur um framhaldið. **hjorvaro@frettabladid.is**

ÞORRABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

kemur út föstudaginn 15. janúar.
Í þessu blaði verðum við með áhugaverð viðtöl við einstaklinga um Þorrann. Auglýsendur geta látið vita af vörum og þjónustu sem boðið er upp á í ár.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss
í langmest lesna dagblaði landsins.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654/ jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Fólk
Heimili
ÞRIÐJUDAGUR 12. JANÚAR 2021

Sandra Lárusdóttir segir Verndarhjúpinn, nýjasta meðferðartæki stofunnar, algerlega hafa slegið í gegn hjá íslenskum viðskiptavinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nýtt og áhrifaríkt heilsu- og fegrunartæki slær í gegn

Heilsulindin Heilsa og útlit sérhæfir sig í sogæðameðferðum sem bæta líðan og heilsu fólks með Weyergans og Wellness USA heilsutækjum. Verndarhjúpurinn er með vinsælustu meðferðum og hefur gefið afar góða raun. →2

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —
FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN
Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Framhald af forsíðu

Að sögn Söndru Lárusdóttur, eiganda Heilsu og útlits, hefur nýjasta meðferð stofunnar algerlega slegið í gegn hjá íslenskum viðskiptavinum. „Það er ekki langt síðan við fjárfestum í nýju tæki sem nefnist Verndarhjúpur, en um er að ræða heildrænt heilsu- og fegrunartæki sem veitir endurnærandi og slakandi meðferðir fyrir huga, líkama og sál.

Tækið byggir á innrauðri þurrgufutækni en hitameðferðir sem þessar eru þekktar fyrir að hafa gífurlega góð áhrif á alla líkamsstarfsemina. Fólk hefur sýnt meðferðunum gríðarlegan áhuga og áhrifin láta ekki á sér standa, enda höfum við ekki haft undan því að bóka í tækið. Því erum við að fá annað tæki til okkar núna í janúar til þess að anna þessari gífurlegu eftirspurn.“ segir Sandra sem er umboðsaðili þýsku fegrunar- og lækningatækjanna frá Weyergans á Norðurlöndunum. Þá tók hún nýlega við umboði fyrir Verndarhjúpana á vegum Wellness USA. Sandra bætir við að allir geti komið í dekur og bataferli hjá Heilsu og útliti, án þess að það krefjist mikillar snertingar.

Heildræn meðferð

Vinsældir Verndarhjúpsins koma Söndru ekki á óvart enda þekkir hún áhrif verndarhjúpsins á eigin skinni. „Hugtakið vellíðan nær einfaldlega nýjum hæðum í Verndarhjúpnum og teygir sig jafnvel inn fyrir veggi líkamsræktar- og jógastöðva.

Tækið færir okkur aftur inn í kjarna gamalgróinna, náttúrulegra og heildrænna vellíðunaraðferða. Maður leggst einfaldlega niður í hjúpinn og getur valið um mismunandi meðferðir, eins og líkamsrækt, slökun og þyngdarstjórnun.“

Hvernig virkar verndarhjúpurinn

Sandra segir Verndarhjúpinn veita alhliða vellíðan með því að sameina í einni og sömu meðferðinni virkni vöðvaspennu, innrauðra ljósa, heilnudds og ilmkjarnameðferða. „Hann veitir slakandi og endurnærandi meðferð fyrir huga, líkama og sál. Þá byggir tækið á háþróaðri tækni sem framkallar vellíðan með hjálp samsettra ytri þátta á borð við þurran hita (innrauða orku), nudd, ilmmeðferð, saltloft og jade-steina sem eru samsettir úr tveimur náttúrulegum steinefnum, annars vegar jadeite (natríum, áli og kísil) og nefrít (kalsíum, magnesíum og kísil).“

Varanlegt þyngdartap

Í verndarhjúpnum er hitastýrikerfi sem gestir geta stillt að vild, allt frá stofuhita og upp í 90°C. Tækið nýtir tækni innrauðs ljóss til þess að hita upp umhverfið og jafnframt líkama þess sem notar tækið. „Það sem innrauður hiti hefur umfram hefðbundið gufubað og þurrgufu er að orka og hiti innrauðra geisla skila sér mun dýpra inn í húð og líkama við tiltölulega lágt hitastig. Þá efla þeir upptöku næringarefna, auka blóðflæði og styrkja hjarta- og æðakerfi líkamans. Þannig hafa geislarnir áhrif á allt kerfið og geta stuðlað að aukinni slökun, bætt andlega líðan, hjálpað til við þyngdarstjórnun og veitt almenna vellíðan.

Innrauðir geislar eru rafsegulgeislar með lengri bylgjulengd en sýnilegt ljós. Þeir gefa því ekki frá sér hættulega útfjólubláa UV-geisla sólarljóssins og því stafar ekki af þeim nein hætta.“

Gífurlegur ávinningur hitameðferða

„Fjöldi rannsókna hafa sýnt fram á jákvæð áhrif hita á líkamsstarfsemi mannsins og með því að stunda háhitameðferðir (e. hyperthermic therapies) líkt og þá sem Verndarhjúpurinn býður uppá getum við stuðlað að styrkingu ónæmiskerfisins og ýmislegt fleira. Hærri hiti veitir einnig aukinn bruna hitaeininga með tilheyrandi þyngdartapi. Þó svo að þyngdartap vegna vatnsmissis sé tímabundið er ávinningur og vellíðan tvímælalaus og virkar sem hvatning til að viðhalda heilbrigðum lífsstíl.

Meðferðin hjálpar aukinheldur við að hreinsa óhreinindi úr líkamanum og hún örvar efnaskipti sem leiðir til varanlegs þyngdar- og ummálsmissis,“ útskýrir Sandra. Þá bætir hún við að hægt sé að gera æfingar til að tóna líkamann á meðan verndarhjúpurinn nuddar hann allan. Að auki bætir hún við að hitameðferðið geta og hafa reynst íþróttafólki vel til að ná auknum árangri í íþrótt sinni.

Margvíslegur heilsufarslegur ávinningur fæst í einni og sömu meðferð verndarhjúpsins. Þar á meðal:

- Róandi, vöðvaslakandi hitanudd stuðlar að andlegu jafnvægi og ró
- Brennir hitaeiningum og stuðlar að þyngdarmissi og minnkun á ummáli
- Eykur blóðrás, súefnisupptöku, brennslu, hreyfigetu og liðleika
- Er verkjalosandi
- Endurmótar líkamann
- Afeitrar
- Endurnærir húðina og veitir húðinni raka
- Kemur jafnvægi á magn kortisóls (kortisól er hormón sem hjálpar við slökun og jafnvægi í aðstæðum streitu og álags)
- Hjálpar við svefnleysi
- Hreinsar öndunarveginn
- Hjálpar gegn árstíðabundnu ofnæmi/frjókornaofnæmi
- Hefur góð áhrif sem meðferð við berkjubólgu

Svifið á dúnmjúku orkuskýi

„Upplifun og vellíðan eykst enn frekar þegar andað er að sér fersku, hreinsuðu lofti sem er blandað með Himalaya-saltkristöllum. Þegar rakastig andrúmslofts er eðlilegt dregur loftið að sér saltagnirnar sem mýkja húðina og opna öndunarveginn. Saltið hjálpar einnig við að opna ennis- og kinnholur, og stuðlar að hugarró. Þá er jafnframt boðið upp á meðferð með hreinum ilmkjarnaolíum til að auka enn á slökun og vellíðan,“ upplýsir Sandra. Bólstrað nuddkerfi verndarhjúpsins gerir það að verkum að varmaorkan sem fæst úr steinefnum sem liggja að innri veggjum verndarhjúpsins nýtist fullkomlega.

„Líðanin er eins og maður svífi um á dúnmjúku orkuskýi. Steinefnin senda frá sér innrauða orku þar sem 20 prósent orkunnar hita andrúmsloftið í verndarhjúpnum en um 80 prósent orkunnar skila sér djúpt inn í líkamann.“ Ráðlagður meðferðartími í hvert skipti er frá 15 til 60 mínútna, tvisvar til þrisvar í viku, og svo vikulega til að viðhalda árangri.

Tilvalið að samtvinna

Sandra segir að hitameðferðir eins og sú sem verndarhjúpurinn veitir séu þekktar fyrir að virka vel með öðrum meðferðum. „Þá er Lífvörðurinn (e. The Bodyguard) engin undantekning en með því að samtvinna þessar tvær meðferðir má auka árangurinn til muna. Lífvörðurinn er algjör bylting þegar kemur að sogæðameðferðum. Það stinnir húð, losar um bjúg í líkamanum, afeitrar líkamann, hefur góð áhrif á æðakerfi, exem, gigt og appelsínuhúð,“

Lífvörðurinn er bylting þegar kemur að sogæðameðferðum. Tækið stinnir húð, losar um bjúg í líkamanum, afeitrar líkamann, hefur góð áhrif á æðakerfi, exem, gigt og appelsínuhúð. Hér sést tækið í notkun með súrefnishjálminum sem Sandra segir að sé vinsælt að samtvinna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sandra hefur rekið heilsulindina Heilsu og útlit síðan í júní 2014, en stofan sérhæfir sig meðal annars í meðferðum á sogæðavandamálum.

Byltingarkennt heilsutæki

„Tækið er svipað og súrefnishjálmurinn sem við höfum unnið með lengi og margir þekkja og dá en virknin er enn meiri og heildrænni. Með sérstakri raftækni er hreinu súrefni hleypt inn í húðina sem aftur stuðlar að sjáanlegri yngingu hennar. Þetta nýja tæki hentar fyrir allan aldur og ekki síður fyrir yngra fólk, því framleiðendur segja að því fyrr sem við förum í tækið, því fyrr getum við lækkað pH-gildið og minnkað súrnun líkamans.“

„Í tækinu eru kollagenljós líkt og í súrefnishjálminum okkar. Þetta er algjört undur fyrir líkamann, eykur allt í senn blóðflæðið, stinnir húðina, er streitulosandi og er gott fyrir bein og vöðva. Auk alls þessa eykur tækið kollagenframleiðslu líkamans, en það er ekki að ástæðulausu að kollagen sé nýja undraefnið. Kollagen er það sem gerir húðina okkar stinna og slétta.“

Verndarhjúpurinn hefur slegið í gegn hjá viðskiptavinum enda býður hann upp á fjölbreytta og áhrifaríka hitameðferð. Auk áhrifanna af meðferðinni sjálfri getur hitameðferð einnig aukið virkni annarra meðferða.

Slökun og vellíðan

„Það er ótrúlegt hvað fólk slakar vel á í þessari meðferð. Sumir steinsofna og slaka á öllum vöðvum og fólk segist oftar en ekki vera endurnært eftir meðferðina. Fyrst á eftir pissar fólk svolítið oft þar sem tækið er vatnslosandi en um leið verður það orkumeira og ferskara.

Tækið hefur einnig gefið góða raun í faraldrinum enda hefur það sýnt sig að það hjálpi til við kvíða- og streitustjórnun. Ég hef mælt með að fólk komi í tíu skipti til að finna verulegan mun á sér til lengri tíma, en hver meðferð tekur 30-40 mínútur,“ segir Sandra.

Heilsa og útlit býður margs konar meðferðir og er að Hlíðasmára 17, síminn er 562-6969. Nánar má fræðast um meðferðir á heimasíðunni heilsaogutlit.is.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Bílar

ÞRIÐJUDAGUR 12. JANÚAR 2021

Kemur frísklegur inn

Fjórða kynslóð Hyundai Tucson verður kynnt á næstunni og er mikil breyting á útliti sem og búnaði bílsins. Von er svo á sportlegu N-módeli og tengiltvinnútgáfu með vorinu en Fréttablaðið prófaði tvinnútfærsluna á dögunum. **6**

MYND/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

ÖRUGGT START

MEÐ **EXIDE** RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.

MAX1 BÍLAVAKTIN

EXIDE TECHNOLOGIES

Hafið samband við sérfræðinga Olís í síma **515 1100** eða **pontun@olis.is** og fáið nánari upplýsingar.

olís

Bíll ársins í Evrópu eru eftirsóttustu bílaverðlaunin ár hvert.

Sjö í úrslit á vali á bíl ársins í Evrópu

Búið er að tilkynna hvaða sjö bílar hafa komist í lokavalið á Bíl ársins í Evrópu 2021. Tilkynnt verður um valið þann 1. mars næstkomandi. Listinn er valinn af 60 bílablaðamönnum frá 23 Evrópulöndum og fær hver blaðamaður 25 stig til að deila á milli bílanna í úrslitum.

Bílarnir sem eru í úrslitum að þessu sinni eru Citroen C4, Cupra Formentor, Fiat 500, Land Rover Defender, Skoda Octavia, Toyota Yaris og Volkswagen ID.3. Vegna COVID-19 faraldursins voru færri bílar í valinu að þessu sinni og komust aðeins 29 bílar á upphaflega forvalið, en þar er fjöldinn venjulega um 40 bílar. Ísland tekur ekki þátt í valinu en dómnefnd bílablaðamanna á Íslandi velur Bíl ársins á Íslandi ár hvert. Fer valið fram í vor en valinu í fyrra var frestað vegna COVID-19 faraldursins.

Hyundai Le Fil Rouge tilraunabíllinn er rafbíll sem frumsýndur var á bílasýningunni í Genf árið 2019.

Hyundai bílamerkið í samtali við Apple um þróun sjálfkeyrandi bíls

Hyundai lét frá sér fréttatilkynningu í vikunni þar sem framleiðandinn sagðist vera í samstarfi við tæknirisann um þróun á rafbíl. Aðeins nokkrum klukkustundum síðar var fréttatilkynningin tekin niður og önnur sett í staðinn þar sem ekki er minnst á Apple.

Í fyrri fréttatilkynningunni kom fram að Hyundai og Apple hefðu lokið samningaviðræðum og aðeins væri beðið eftir samþykki stjórnarformanns Apple. Fréttatilkynningin varð til þess að hlutabréf í Hyundai hækkuðu um 8 milljarða dollara sem er mesta hækkun á hlutabréfum í Hyundai síðan 1988. Seinni fréttatilkynningin er loðnari og nefnir aðeins viðræður við nokkur ónefnd fyrirtæki um þróun á sjálfkeyrandi rafmagnsbílum. Einnig segir þar að engar ákvarðanir hafi verið teknar þar sem viðræðurnar séu á byrjunarstigi.

Á markað eftir fjögur ár

Apple hefur verið þögulli en gröfin þegar kemur að þróun bílaverkefnis þeirra. Það hófst árið 2014 með Titan verkefninu sem yfir 1.000 starfsmenn Apple unnu að. Verkefnið hefur ekki gengið hnökralaust og árið 2016 var uppi orðrómur um að það stefndi beint í geymsluhilluna. Það sem Apple hefur lagt áherslu á að undanförnu er hugbúnaður fyrir sjálfkeyrandi bíla sem þeir sjálfir kalla „móður allra gervigreindarverkefna“.

Að sögn Apple-greinandans Ming-Chi Kuo er líkleg útkoma verkefnisins ný nálgun á samvinnu hugbúnaðar, tölvubúnaðar og þjónustu. Hvort eiginlegur bíll sé hluti af þeirri lausn er líklegt, en Apple hefur verið að þróa hugbúnað fyrir sjálfkeyrandi bíla í Kaliforníu síðan 2017 og notað til þess Lexus RX450h bíla sem þeir leigðu hjá Hertz. Að sögn Reuters hefur Apple sett markið á 2024 með að koma sjálfkeyrandi bíl á markað, en Ming-Chi Kuo telur líklegra að hann komi á markað á bilinu 2025-2027.



Lexus RX450h sem Apple notaði til að þróa sjálfkeyrandi hugbúnað við prófanir í Kaliforníu. Bílana leigði Apple af Hertz og útbjuggu sérstaklega.

Skjárinn nær yfir allt mælaborð bílsins og er samtals 141 sentimetri á breidd.

55 tommu skjár í Mercedes S-línu

Mercedes bílaframleiðandinn hefur látið frá sér upplýsingar um nýjan ofurskjá sem kemur fyrst á markað í nýju S-línunni sem væntanleg er seinna á þessu ári. Skjárinn breiðir úr sér yfir allt mælaborð bílsins og tekur saman sjálft mælaborðið, miðjustokk ásamt snertitökkum og miðstöðvarbúnaði í einn stóran glerflöt. Auk þess fær farþeginn sinn skjá sem sýnir tölvumynd þegar hann er ekki í notkun.

Þessi skjár er 141 sentimetri á breidd sem jafngildir 55,5 tommum. Hann stillir birtustig sitt sjálfur með ljósnæmri myndavél. Tölvubúnaðurinn fyrir skjáinn er með 24 GB vinnsluminni sem er sex sinnum öflugra en meðal heimilistölva. Hugbúnaðurinn verður með gervigreind sem lærir á ökumanninn. Sem dæmi, ef ökumaðurinn hringir alltaf á sama tíma í ákveðinn einstakling mun skjárinn setja upp áminningu svo að ökumaður þarf bara að ýta á einn takka til að hringja. Auk þess getur myndavélin inni í bílnum lært að þekkja ökumanninn og geyma upplýsingar um hann og allt að sex aðra ökumenn.

NHTSA hefur hætt rannsókn á galla í inngjafarbúnaði Tesla bifreiða.

NHTSA hættir rannsókn á Tesla

NHTSA-öryggisstofunin í Bandaríkjunum hefur hætt rannsókn á meintum galla í Tesla bílum að sögn fréttamiðilsins The Verge. Gallinn átti að lýsa sér þannig að bílanir tóku skyndilega af stað án viðvörunar. Alls voru 246 tilkynningar rannsakaðar en NHTSA þótti ekki ástæða til frekar rannsóknar. Að sögn stofnunarinnar er ástæðan í öllum tilvikum notandanum að kenna með vitlausum þrýstingi á inngjafarpedalann.

„Það eru engar sannanir um bilun í inngjafarbúnaði Tesla bílanna í þessum tilvikum, né heldur rafmótorum eða bremsukerfum sem leitt gætu til svona óhappa,“ sagði NHTSA í fréttatilkynningu á föstudag.

Með tveimur innspýtingum á AdBlue, þar sem fyrri skammtinum er dælt inn í mjög heitt flæðið strax eftir af-gashemilinn, er uppgufunin bætt á lægri snúningi. Þetta þýðir að nýja V8-vélin frá Scania uppfyllir lagalegar kröfur sem taka munu gildi á árinu 2021.
MYND/AÐSEND

Scania kynnir nýja V8-línu

Nýju V8-vélarnar frá Scania eru ekki aðeins eins kraftmiklar og hugsast getur heldur stórbæta þær einnig nýtingu á eldsneyti. Heildarsparnaður getur numið allt að sex prósentustigum, þegar nýi G33-gírkassinn er hluti af aflrásinni.

Eldsneytissparnaður af þeirri stærðargráðu skiptir að sjálfsögðu miklu máli, bæði sé litið til lengri tíma vegna loftslagsáhrifa en einnig hér og nú fyrir fyrirtæki sem reka vöru- og flutningabíla.

„Á meðan umskiptin eiga sér stað úr jarðefnaeldsneyti yfir í hreinni orkugjafa í flutningum, verðum við öll að leggja okkar af mörkum til að bæta núverandi lausnir," segir Alexander Vlaskamp, aðstoðarframkvæmdastjóri og forstöðumaður sölu- og markaðsmála hjá Scania. „Þú getur ekki látið húsið þitt brenna til grunna einfaldlega vegna þess að hið nýja er í byggingu. Umskiptin þurfa að ganga snurðulaust."

Þessi eldsneytissparnaður er afrakstur yfirgripsmikilla fínstillinga og þróunar hjá verkfræðingum Scania og felur í sér tækni sem er í fararbroddi við framþróun á brunahreyflum.

Á meðal nýjunga, sem byggja á meira en 70 nýjum vélahlutum, má nefna minna innra viðnám, hærri þjöppunarhlutföll, endurbættan búnað fyrir eftirmeðferð útblásturs og nýtt, öflugt hreyfilstýrikerfi (EMS).

- Fjórar nýjar V8-vélar og aflrásir skila eldsneytissparnaði sem getur numið allt að 3-6%
- 530, 590, 660 og 770 hestöfl – óviðjafnanleg lína af V-8 krafti
- Lágt innra viðnám, uppfærð forþjappa og snjall aukabúnaður
- Nýr afkastameiri búnaður fyrir eftirmeðferð á útblæstri (Adblue kerfi)
- Lengri og öflugri flutningabílar bjóða upp á aukna flutningsgetu og minni losun koltvísýrings, bæði með eða án lífdísils-eldsneytis

Það veltur allt á smáatriðunum

V8-tækni Scania eins og hún best gerist:

- Minna innra viðnám
- Nýtt eftirmeðferðarkerfi útblásturs með tvöfaldri innspýtingu af AdBlue
- Ný háþrýsti-eldsneytisdæla með virkri inntaksmælingu
- Algerlega nýr vél- og hugbúnaður fyrir hreyfilstjórnun
- Aukið þjöppunarhlutfall og toppgildi strokkþrýstings
- Gerir aukabúnað óvirkan þegar þörf er á, eins og til dæmis loftþjöppuna
- Kúlulegu-forþjappa á 770 hestafla vélinni

Stöðug leit Scania að leiðum til að þróa V8-vélarnar sínar mun halda áfram þennan þriðja áratug aldarinnar – og skila sér í enn sparneytnari vélum sem henta í mest krefjandi verkefnin á sviði flutninga. Þessar framfarir sem verkfræðingar Scania hafa nú skilað af sér eru afrakstur ástríðu, gífurlegrar reynslu, takmarkalausrar hæfni og mikils hugvits.

Scania kynnir breiða línu af hátæknigírkössum

Skiptingar fyrir næsta áratuginn:

- Ný lína AMT-skiptinga, hannaðir með aksturseiginleika og endingu í huga
- Gírkassar með víðari dreifingu, hljóðlátari og allt að 1% minni eldsneytisnotkun
- Léttari og betrumbætt gírskipting, ræður við allt að 3700 Nm snúningsátak
- Húsin öll úr áli, minnkar innri töp og nýtnari gírhlutföll
- Bætt afkastageta hamlara og fjöldi snjallra aflúttaka fáanleg
- Tryggir að sprengihreyflalausnir halda áfram að styðja við sjálfbæra flutninga

SCANIA var mest seldi vörubíllinn í flokki vörubíla II, 16 t og stærri, á Íslandi árið 2020 enda þægilegur í akstri.

Ný kynslóð V8-véla frá Scania sem geta skilað allt að sex prósent eldsneytissparnaði samtengdar nýja Scania Opticruise gírkassanum. Það felur í sér umtalsvert minna kolefnisfótspor og lækkun á eldsneytiskostnaði.

Scania kynnir nýja línu af gírkössum sem á endanum munu taka við af öllum núverandi Scania Opticruise sjálfskiptilausnum. Fyrsti meðlimur nýju línunnar – G33CM – er samfastur endurbættum V8-vélum og hinum afkastamiklu 13 lítra Scania-vélum með 500 og 540 hestöflum. Scania hefur fjárfest fyrir meira en 400 milljónir evra í nýju línunni til að styrkja leiðandi stöðu á markaðnum. Með frammistöðugetu sinni mun þessi nýja lína af sjálfskiptingum sjá til þess að hinar farsælu og sparneytnu aflrásir Scania viðhaldi forskoti sínu á þessum áratug. SCANIA var mest seldi vörubíllinn í flokki vörubíla II, 16 t og stærri, á Íslandi árið 2020 og var með 37% markaðshlutdeild.

KOSTIR OG GALLAR

Lexus UX 300e

Grunnverð: 8.490.000 kr.
Hestöfl: 204
Tog: 300 newtonmetrar
Hröðun 0-100 km: 7,5 sek.
Hámarkshraði: 160 km/klst.
Rafhlaða: 54,3 kWst
Eigin þyngd: 1.850 kg

Drægi: 305 km
Hleðsluhraði AC: 9 klst 30 mín
Hleðsluhraði DC: 57 mín/50 kW
L/B/H: 4.495/1.840/1.545 mm
Hjólhaf: 2.640 mm
Farangursrými: 367 lítrar

KOSTIR
- Lipur í akstri
- Hljóðlátur
- Útlit

GALLAR
- Staðsetning frambremsu
- Fótarými aftur í

Lexus UX 300e er í senn sportlegur í útliti og akstri. MYNDIR/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

Lexus UX 300e - Lipur og laglegur

Reynsluakstur
Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is

Það dylst engum lengur að framtíðin er rafmögnuð og nýjasta merkið til að falla undir þá skilgreiningu er Lexus. Þar hefur hinn alrafmagnaði UX 300e vakið mikla athygli að undanförnu. Augljóslega er Lexus UX 300e fallegur bíll með sínu áberandi trapísugrilli, hvössum ljósalínum og kúpulaga þaklínu. Framljósasettið er mest áberandi með örvalaga útliti og þriggja geisla díóðuljósum. Afturendinn er sportlegur enda nokkuð kúpulag á bílnum sem gerir hann líkari hlaðbak en smájeppling í útliti.

Lítil pláss í sætum

Þótt útlitið sé vel heppnað hefur það sína ókosti þegar vel er gáð. Bíllinn er frekar þröngur og meira að segja framsætin eru einu númeri of lítil. Aftursæti eru af svipuðu tagi og fótarými þar er með minnsta móti. Auk þess er bitinn á milli hurðanna fyrir ferðarmikill svo að erfitt er að skáskjóta fótunum þegar klöngrast þarf út úr bílnum. Hjólhafið er líka aðeins 2.640 mm sem er svipað og í Corolla, enda byggður á sama undirvagni. Farangursrými er ágætt þótt það slái ekki út keppinauta en fær plús fyrir gott aðgengi.

Innréttingin er falleg eins og bíllinn og greinilega vel úthugsuð að flestu leyti. Gott er að stjórna bæði miðstöð og öðrum þægindabúnaði með snertitökkum sem eru innan seilingar. Það er helst handbremsan sem hefði mátt velja betri stað en hún er falin við hægra hné ökumanns. Upplýsingakerfinu er stjórnað með snertifleti á miðjustokk og er þægilegt í notkun. Að vísu hefði verið betra að hafa innbyggt leiðsögukerfi en það kemur bara í Luxury-útfærslunni. Aðrir geta notað Google Maps í gegnum Apple CarPlay eða Android Auto. Með Lexus Link smáforritinu í símanum er hægt að fylgjast með hleðslu bílsins, hita hann upp fyrir ferð eða leita að næstu hleðslustöð.

Góður í akstri

Þegar kemur að akstri bílsins fer manni að líka mjög vel við hann en hann er einstaklega ljúfur og lipur í akstri. Hann er í senn hljóðlátur en einnig kraftmikill þegar maður vill og bíllinn settur í aflmeiri aksturham. Stýrið er skjótt að taka við sér og hann liggur eins og sportlegur fólksbíll enda rafhlöðunum vel fyrir komið í botni bílsins. Þótt hann sé þungur eins og allir rafbílar virkar hann það samt ekki í akstri og fjöðrunin ræður vel við hvassa hluti eins og kubbahraðahindranir án þess að það verði eitthvað óþægilegt.

Drægið er uppgefið 305 km en samkvæmt tölum Lexus er það á bilinu 190 til 405 km eftir veðri eða notkun bílsins. Fæst mesta drægið í mildu veðri innanbæjar en minnsta í köldu veðri á þjóðvegi. Óhætt er að segja að á þeim köldu vetrardögum þegar bíllinn var prófaður hafi drægið verið nálægt 200 km.

Meiri samkeppni væntanleg

Þegar horft er á samkeppnina kemur fljótlega í ljós að Lexusinn er talsvert dýrari en helstu samkeppnisaðilar, en þeir eru til dæmis Hyundai Kona Electric, Mazda MX-30 og Peugeot e-2008. Það á sér þó sínar skýringar enda Lexus-merkið í meiri lúxusflokki og meira lagt í alla vinnu við bílinn með hinu verðlaunaða Takumi handverki. Þeir bílar sem komast næst honum í lúxusflokki eru Volvo XC40 Recharge P8 en hann er ekki kominn á markað hérlendis, en styttra er í annan keppninaut sem er Mercedes-Benz EQA. Gott gæti verið að skoða verð á þeim bílum til samanburðar þegar þeir mæta á markað með vorinu.

Farangursrýmið er 367 lítrar og gott er að koma fyrir farangri og leggja niður aftursæti þar sem ekki þarf að teygja sig langt inn í bílinn.

Það er vel hannað mælaborð sem mætir manni í Lexus UX 300e.

Ekki er mikið rými í aftursætum og snúið að koma fyrir fótunum.

Skiptingin er eins og í Mirai og snertiflöturinn nálægt armhvílu.

Rafmótorinn er 204 hestöfl og sér um að skila aflinu til framhjólanna.

Fasteignablaðið

2. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 12. JANÚAR 2021

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

heimili fasteignasala á traustum grunni

Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.

Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA

Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri. Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356

Snorri Snorrason
Löggiltur fasteignasali
895 2115

Hildur Harðardóttir
Lögfræðingur. Löggiltur fasteignasali. Skjalagerð.
897 1339

Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477

Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm. fasteingasala Snæfellsnesi
893 4718

Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Lista og innanhús Stilisti
892 8778

Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali.
899 9083

Rakel Arnadóttir
Lögg. fasteignasali. Mannfræðingur/alþjóðatengill.
895 8497

VALHÖLL FASTEIGNASALA
STOFNUÐ 1995

588 4477
Síðumúla 27
www.valholl.is

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði

Framúrskarandi fyrirtæki

Fagleg þjónusta
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á árátuga reynslu starfsmanna!

Glæsileg íbúð í litlu fjölbýli í Garðabæ er til sölu og verður opið hús á morgun.

Falleg íbúð í Garðabæ

Heimili fasteignasala kynnir í einkasölu glæsilega 156,7 fm 5-6 herbergja íbúð með bílskúr í litlu fjölbýli á góðum stað í Garðabæ. Íbúðin er á tveimur hæðum og skiptist í þrjú svefnherbergi, stofu, borðstofu, sólstofu, eldhús, baðherbergi, þvottaherbergi, ásamt stóru stofu/fjölskyldurými á efri hæðinni þar sem er möguleiki á fjórða svefnherberginu. Gengið er inn um sameiginlegan snyrtilegan inngang með 5 öðrum íbúðum. Einnig er aðgangur frá fyrstu hæð bakatil þar sem einnig eru bílastæði.

Komið er inn í parketlagða forstofu. Á vinstri hönd er hjónaherbergi með ljósu parketi og fataskáp. Beint af forstofu er gott eldhús með hvítum innréttingum og gráum flísum á milli skápa og borðplötu. Stofa, borðstofa og sólstofa eru í samliggjandi rými með ljósu parketi, innbyggðri lýsingu, mikilli lofthæð, og fallegum gluggum. Gengið er út á svalir frá sólstofu. Þvottahús er staðsett innst í íbúðinni. Hringstigi liggur úr forstofu upp á efri hæðina sem í dag er nýtt sem stórt hjónarými með sjónvarps- og vinnuaðstöðu.

Húsið er samkvæmt seljanda í mjög góðu standi og hefur verið vel við haldið. Um er að ræða glæsilega, vel staðsetta og fallega eign í litlu fjölbýli í hjarta Garðabæjar. Fallegur og gróinn garður með sameiginlegum palli, og góðri aðkomu. Göngufæri við leikskóla, grunnskóla, verslun og steinsnar frá Garðatorgi þar sem er úrval veitingastaða, menningar og annarrar þjónustu.

Sér geymsla er á jarðhæð hússins ásamt sameiginlegu þvottahúsi og hjólageymslu.

Allar nánari upplýsingar veitir Sigríður Kjartansdóttir, löggiltur fasteignasali. sigridur@heimili.is, sími 530 6508 / 692 1540
Velkomin á opið hús á morgun, 13. 01. 21 kl. 17.15-17.45. Áhugasamir geta bókað einkaskoðun hjá sigridur@heimili.is eða í síma 692 1540.

Einstök útsýnisíbúð með tvöföldum bílskúr
Freyjubrunnur 23 í Úlfarsárdal

Sýnum daglega hafið samband Guðbjörg sími 899 5533

Tveggja herbergja 120.5 fm þakíbúð
Skjólgóðar útsýnissvalir
Tvöfaldur bílskúr, innangengt í stigagang
Verð 59,9 m.

FJÖLHÚS FASTEIGNASALA

www.fjolhus.is Ármúla 3 sími 511 1020

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

RÍKISKAUP AÐILI AÐ RAMMASAMNINGI

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

Vantar allar gerðir eigna á söluskrá. Mikil sala.
Skoðum og verðmetum samdægurs. Hafðu samband.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

2014 2018 Framúrskarandi fyrirtæki

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Úlfar Freyr Jóhannsson
hdl og lögg. fasteignasali
ulfar@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Naustavör 36 – Kópavogi. Ein 4ra herbergja íbúð eftir á efstu hæð ! Leitið upplýsinga á skrifstofu.

Sólborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi

- Sólborg er vandað fjölbýli með afar vönduðum 2ja – 4ra herbergja lúxusíbúðum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist.
- Eignin er byggð úr afar vönduðum byggingarefnum og eru m.a. allir gluggar úr áli og klæðning hússins úr anodiseraðri álklæðningu. Klæðningin er sérhönnuð og meðhöndluð með sérstakri aðferð. Hljóðvist er verulega aukin í eigninni og er gengið mun lengra í þeim efnum en alla jafna tíðkast í íslenskum byggingum.
- Hönnuðir byggingarinnar eru THG Arkitektar og Studio Arnhildur Palmadottir.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á www.105midborg.is

Ólafsgeisli. Einbýlishús á útsýnisstað

- Einstaklega fallegt og vandað 320,0 fm. einbýlishús á þremur hæðum á einstökum útsýnisstað við Ólafsgeisla í Grafarholti.
- Miklar fastar sérsmíðaðar innréttingar eru í húsinu. Fataskápar í öllum herbergjum, miklar innréttingar í þvottaherbergi og í baðherbergjum. Eikarparket og flísar eru á gólfum.
- Fimm herbergi. Samliggjandi stofur. Opið eldhús. Þrjú baðherbergi.
- Eignin stendur á 660,0 fm. lóð með stórri hellulagðri innkeyrslu og stéttum fyrir framan og norðan við húsið og stórri og skjólsælli verönd til suðurs og vesturs.

Fiskakvísl- 4ra herbergja efri hæð og ris

- Björt og glæsileg 121,1 fermetra efri hæð og ris í nýviðgerðu og máluðu 6 íbúða fjölbýlishúsi á einstökum útsýnisstað við Fiskakvísl í Reykjavík.
- Tvennar flísalagðar svalir. Lofthæð er verulega aukin í stórum hluta íbúðarinnar, m.a. í stofum og eldhúsi.
- Mjög vandað massívt niðurlímt olíuborið eikarparket er á gólfum. Íbúðin er öll nýmáluð að innan.
- Lóð hússins er öll nýendurnýjuð með nýjum gróðri. Hitalagnir eru í stéttum og bílaplani fyrir framan húsið.

Verð 64,9 millj.

Hraunteigur 28. Efri sérhæð og ris

Íbúðin verður til sýnis á morgun, miðvikudag, frá kl. 17.00 – 17.30

- Vel skipulögð 204,1 fm. efri sérhæð og ris í þríbýlishúsi við Hraunteig 28 í Reykjavík auk 24,5 fm. bílskúrs sem innréttaður hefur verið sem íbúð.
- Þrjár stofur þar af ein arinstofa. 6 - 7 svefnherbergi. Tvö baðherbergi og sér íbúð er í bílskúr. Gengið er upp á rishæð um mjög fallegan upprunalegan viðarstiga.
- Stór sameiginleg lóð með tyrfðum flötum, trjágróðri og sameiginlegri viðarverönd með skjólveggjum. Útitröppur eru nýlega endurnýjaðar. Sér bílastæði á lóð fyrir framan bílskúr.

Verð 94,9 millj.

Bogahlíð 8. 3ja herbergja íbúð auk herbergis í kj.

Íbúðin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

- Falleg og vel skipulögð 4ra herbergja 97,8 fm. íbúð á 2. hæð við Bogahlíð í Reykjavík.
- Íbúðinni fylgir sér íbúðaherbergi í kjallara með aðgengi að baðherbergi og er það herbergi í útleigu. Yfirbyggðar stórar og opnanlegar svalir útaf stofum til vesturs.
- Íbúðin að innan er þó nokkuð endurnýjuð, m.a. fataskápar, innihurðir, raflagnir, rafmagnstafla og baðherbergi uppgert. Sameign er öll mjög snyrtileg.
- Húsið að utan er í góðu ástandi og nýlega var skipt um megnið af gleri og gluggum í húsinu.

Verð 53,9 millj.

Vesturberg 78. 2ja herbergja íbúð

Íbúðin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30

- 2ja herbergja 63,6 fermetra íbúð á 1. hæð auk sér geymslu í kjallara í lyftuhúsi við Vesturberg í Reykjavík.
- Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús með glugga til suðvesturs. Stofu með útgengi á svalir til suðurs. Eitt svefnherbergi og flísalagt baðherbergi.
- Sameign hússins er mjög snyrtileg. Myndavélakerfi í forstofu og á húsinu að utan.
- Eignin er laus til afhendingar við kaupsamning.

Verð 28,9 millj.

Laugavegur 86-94. 2ja herbergja íbúð



- Afar falleg og vel skipulögð 70,7 fm. íbúð á 3. hæð að meðtaldri sér geymslu í fjölbýlishúsi við Laugaveg 86-94.
- Íbúðin er virkilega vönduð með svölum til norðurs og innréttuð á smekklegan hátt. Íbúðin er sérstaklega hljóðeinangruð sem og hluti sameignar.
Að sögn Torfa Karls gengur vel að kenna eingöngu á sjálfskiptan og nóg af nemendum sem eru að biðja um það til að hann geti kennt á það eingöngu. „Ég var með stúlku í kennslu um daginn sem var mikið að velta þessu fyrir sér þar sem að vinkona hennar er að læra á sjálfskiptan. Hún spurði foreldra og fleiri í kringum sig og allir sögðu henni að taka beinskiptan því að þá mætti hún keyra bæði. Hún velti þessu fyrir sér vel og lengi og tók síðan sjálf ákvörðun og vildi taka sjálfskiptan. Þegar ég spurði af hverju hún hefði valið það sjálf sagði hún einfaldlega að sjálfskiptir bílar væru einfaldlega framtíðin og beinskiptir fortíðin og hún ætlaði að tilheyra framtíðinni," sagði Torfi og brosti.

Georg Georgsson, prófdómari Frumherja

Einfalt mál er að bæta beinskiptingunni við þegar búið er að taka próf á sjálfskiptan og í raun og veru lítill aukakostnaður við það ef einhver, þar sem einfaldara er að kenna á sjálfskiptan bíl. „Þetta er allt saman einfaldara í byrjun og fókusinn er meiri á umferðinni. Brosið kemur hins vegar mun fyrr á andlitið þegar þau eru að læra á sjálfskiptan, venjulega í fyrsta tíma" segir Torfi. Georg Georgsson prófdómari er því líka sammála að sjálfskiptingin sé til að einfalda hlutina. „Það er bara allt annar handleggur að prófa nemanda á sjálfskiptan bíl. Þá er ekkert fálm eða fum lengur og próftakinn miklu rólegri. Mín vegna mætti hafa öll próf þannig og leyfa fólki að læra sjálft á beinskiptan, sem það getur þá gert hjá ökukennara ef það kýs svo" sagði Georg að lokum.

Kia kynnir nýtt merki sitt með eftirtektarverðum hætti

Kia kynnti í á dögunum nýtt vörumerki bílaframleiðandans. Með kynningu á nýja merkinu á sér um leið stað ákveðin umbreyting hjá vörumerkinu og skipulagningu þess innan fyrirtækisins.

Nýja merkið á að höfða til ört stækkandi viðskiptavinahóps Kia þar sem vinsældir rafbíla eru sniðnar að þörfum notenda. Vörumerkið var kynnt með afar veglegum hætti í S-Kóreu þar sem heimsmet var sett með notkun pyrónadróna.

Nýja merkið er tákn framsýni og á að vera hvetjandi fyrir kaupendur.

„Markmið Kia er að skapa nýja framtíð í samgöngum og raungera drauma fólks með skapandi hugsun og með því að takast á við áskoranir. Nýja merkið er einn liðurinn í umbreytingu fyrirtækisins í þá átt að gera það enn meira spennandi og framsæknara. Það eru afar spennandi tímar hjá Kia sem hefur verið að koma fram með mikið úrval rafbíla á markað að undanförnu. Kia hefur lagt mikið upp úr því að framleiða vel hannaða og trausta bíla þar sem nýjasta tækni og öryggi spila stórt hlutverk ásamt mjög góðum aksturseiginleikum. Kia er fyrsti bílaframleiðandinn í heiminum til að bjóða sjö ára ábyrgð á bílum sínum. Kia hefur unnið til fjölda alþjóðlegra hönnunarverðlauna fyrir bíla sína á síðustu árum og nýjasti bíll Kia, hinn stóri og stæðilegi Sorento, hefur nú þegar sópað til sín fullt af eftirsóknarverðum verðlaunum - hann er nú væntanlegur í ákaflega spennandi tengiltvinnútfærslu sem við hjá Öskju fáum í febrúar. Fram undan er því áfram mikil sókn hjá Kia á öllum sviðum," segir Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdarstjóri Öskju.

25% Afsláttur af öllum legsteinum*
Allt að 12 mánaða vaxtalausar raðgreiðslur
sjá nánar á www.granithollin.is

Ath: Áletrun og fylgihlutir eru ekki inn í verði

VETRAROPNUN JAN TIL APRÍL 12:00 TIL 17:00

ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.

Aksturgjald bætist við út á land
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

FOSSALEYNI 16
112 REYKJAVÍK

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

Ódýrasti smájeppinn fyrir **íslenskar** aðstæður

AÐEINS
33.830
Á MÁNUÐI*

DACIA 4x4 DUSTER

VERÐ FRÁ AÐEINS
2.790
ÞÚSUND stgr.

Skoðum með uppítöku
á öllum tegundum bifreiða

- Beinskiptur
- Bensín
- 114 hö.

Listaverð hjá umboði: **4.450** þús

Komið og reynsluakið

* m.v 20% útborgun og lán til 84 mánaða.

Bílar í ábyrgð - Allt að 100% lánamöguleiki - Til í ýmsum litum - Góð endursala

586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18

2017-2019 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið Keldan

STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!

VATNSHITABLÁSARAR

Verð
frá kr
99.990

VERTU KLÁR FYRIR KULDANN!

ískúsið

S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

WWW.VIFTUR.IS
MESTA ÚRVALIÐ Á NETINU

Beltone **Amaze**™

Jafnvel þögnin verður verðmætari

Hágæða heyrnartækin frá Beltone **Amaze**™ gera þér kleift að heyra betur svo lífsgæðin batna til muna. Þessi nýja kynslóð heyrnartækja skilar einstökum hljómgæðum og tengist beint við snjallsímann þinn eða önnur snjalltæki. Þú upplifir þögnina á nýjan hátt þegar þú leggur við hlustir með Beltone **Amaze**™. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

12. JANÚAR 2021 ÞRIÐJUDAGUR

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Haukur Ársælsson

fyrrv. rafmagnseftirlitsmaður,

lést á Droplaugarstöðum fimmtudaginn 7. janúar.
Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 15. janúar kl. 13. Vegna fjöldatakmarkana verður útförinni streymt á slóðinni beint.is/streymi/haukura. Upplýsingar eru einnig á Mbl/andlát.
Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug.

Gísli Hauksson
Ólafur Hauksson
Ársæll Hauksson
Þorleifur Hauksson
Jóhann Hauksson
Hrafnhildur Snorradóttir
Sigurlaug Bragadóttir
Helga Haraldsdóttir
Björk Ásgeirsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær eiginmaður, sonur, faðir, afi, stjúpi og tengdafaðir,

Helgi Jóhann Kristjánsson

Hólagötu 39, Njarðvík,

lést á heimili sínu að morgni 30. desember síðastliðins.

Kristjana Aðalsteinsdóttir
Aðalsteinn Gunnar Jóhannsson
Kristrún Ólöf Sigurðardóttir
Sigríður Linda Helgadóttir
Sunna Rós Helgadóttir
Þórunn Maggý Guðmundsdóttir
og barnabörn.

†

Ástkær dóttir okkar, systir, mágkona og frænka,

Margrét Loftsdóttir

myndlistarkona,

lést 28. desember.
Útför fer fram í Grafarvogskirkju föstudaginn 15. janúar kl. 15.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Pieta-samtökin.
Útförinni verður streymt á facebook: Útför Margrétar Loftsdóttur.

Loftur Ólafur Leifsson
Brynjar Loftsson
Ólöf Ylfa Loftsdóttir
Júliana Hauksdóttir
Kristrún Kristjánsdóttir
Birta Karen Brynjarsdóttir

†

Ástkær eiginkona mín,

Ragnheiður Þóra Kolbeins

lést á krabbameinslækningadeild Landspítalans sunnudaginn 27. desember síðastliðinn.
Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 15. janúar kl. 17.00.
Blóm og kransar eru afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast Ragnheiðar Þóru er bent á námssjóð Rósu Guðbjargar dóttur okkar: (banki) 515-26-121004, (kennitala) 121004-2240. Í ljósi aðstæðna verða aðeins nánustu aðstandendur viðstaddir. Vinir og vandamenn eru hvattir til klæða sig upp, koma saman í hæfilega stórum hópum og upplifa athöfnina með okkur í beinu streymi á vefslóðinni beint.is/streymi/ragnheidurthora.
Jarðsett verður í kirkjugarði Kotstrandarkirkju í Ölfusi með hækkandi sól.

Ást og friður.
Guðmundur Pálsson og fjölskylda.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is
ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS SÍÐAN 1996
Sverrir Einarsson
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Helga Björg, hinn nýi framkvæmdastjóri Sequences, kveðst lítið fyrir að standa á torgum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

Frumkvæði og áræðni

Þó Helga Björg Kjerúlf sé að glíma við tvö meistaraverkefni og sinna heimili og börnum hlakkar hún til að takast á við framkvæmdastjórn listahátíðarinnar Sequences.

Mér virðast spennandi tímar fram undan og hef góða tilfinningu fyrir þessu nýja starfi," segir Helga Björg Kjerúlf sem hefur verið ráðin framkvæmdastjóri hinnar alþjóðlegu myndlistarhátíðar Sequences real time art festival, sem fyrirhuguð er í október í haust. Það verður í tíunda skipti sem hátíðin er haldin en hún er á dagskrá annað hvert ár í Reykjavík. Ávallt hefur verið lagt upp með að þar ríki andi frumkvæðis og áræðni. Sýningarstaðir verða Kling og Bang, Nýlistasafnið, Núllið, Bíó París og óhefðbundnir staðir.

Helga Björg kveðst hlakka sérstaklega til að vinna með því fólki sem kemur til með að taka þátt. Hún hafi verið í fæðingarorlofi þegar síðasta hátíð fór fram en reynt að hafa eyru og augu opin. Þrjú börn eru á heimilinu, eins, sjö og fjórtán ára og seint verður sagt um Helgu Björgu að hún sé verkefnalaus, því auk þessa nýja embættis er hún að vinna hjá KÍM, Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar sem verkefnastjóri íslenska skálans í Feneyjum. Svo er hún í tvenns konar meistaranámi við Háskóla Íslands, Markaðsfræði og Nýsköpun og er einmitt í tölvutíma í því síðarnefnda þegar ég hringi og trufla. Býst hún við að verða búin með námið þegar að Sequences kemur? „Ætli ég verði ekki með aðra ritgerðina á meðan!" segir hún glettnislega. „Þetta er allt í bútum, tarnir og hlé á milli. En ef ég hef of lítið að gera þá geri ég ekki neitt!"

Meðal þess sem Helga Björg hefur á ferilskránni er arkitektanám við Listaháskólann sem hún lauk BA gráðu í 2012. Strax á eftir stofnaði hún Neptún Magazine, tímarit um myndlist og hönnun, ásamt fleirum, það vakti athygli og fór í helstu bókaverslanir erlendis en Helga Björg kveðst hlédræg og lítið fyrir að standa á torgum. Usee Studio, hönnunarstúdíó, er eitt af hennar afkvæmum, svo og Stúdíó Kvika - og ýmislegt er í pípunum. **gun@frettabladid.is**

†

Okkar ástkæra systir og frænka,

Elín Kristjana Elísdóttir

Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,

andaðist á heimili sínu þann 8. janúar síðastliðinn.
Útförin fer fram í kyrrþey.

Ingibjörg Elísdóttir
Hrönn Ríkarðsdóttir
og fjölskyldur.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Gunnar A. Þormar

tannlæknir,

lést 3. janúar.
Útförin fer fram í Fossvogskirkju fimmtudaginn 14. janúar kl. 13.
Í ljósi aðstæðna verða aðeins nánustu vinir og ættingjar viðstaddir. Hægt verður að fylgjast með útförinni á www.streyma.is

Kristín Þormar
Andrea Þormar
Ólafur Þormar
Sveinbjörn Þormar
Atli Már Jósafatsson
Kristín Þórsdóttir

†

Elskulegur eiginmaðurinn, faðir, afi og langafi,

Ólafur Gunnarsson

Boðaþingi 10, 203 Kópavogi,

lést fimmtudaginn 7. janúar.
Útförin fer fram fimmtudaginn 14. janúar kl. 15.00 í Kópavogskirkju. Vegna fjöldatakmarkana verða einungis nánustu aðstandendur viðstaddir. Þeir sem vilja minnast hans er bent á Slysavarnafélagið Landsbjörg.

Guðríður H. Jónsdóttir
Jóna Ólafsdóttir
Hafdís Ólafsdóttir
Hildigerður M. Gunnarsdóttir
Hannes Björnsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

ÚTSALAN ER HAFIN

20-70% AFSLÁTTUR

Cadence FM
Queen size rúm 153cm
20% afsláttur
Útsöluverð 195.360 kr.
Verð áður 244.200 kr.
Innifalið í verði. Dýna botn og króm fætur

Corinna rúm 160cm
30% afsláttur
Útsöluverð 114.800 kr.
Verð áður 164.000 kr.
Innifalið í verði. Dýna botn og króm fætur

Poppy stök dýna 160cm
70% afsláttur
Útsöluverð 9.552 kr.
Verð áður 31.840 kr.
Stök dýna

Mikið úrval. Gerðu frábær kaup

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan
HEILSURÚM

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Þriðjudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-1 °C | 7 ↖	-5 °C | 2 ↑	-2 °C | 2 ↑
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-5 °C | 1 ↑	-3 °C | 4 ↙	-6 °C | 10 ↗

Hæg norðlæg eða breytileg átt og létt-skýjað, en stöku él við A-ströndina fram eftir kvöldi. Frost 2 til 12 stig. Vaxandi suðaustanátt á morgun, þykknar upp, hlýnar, 13-20 m/s SV-til um kvöldið, hvassast syðst. Dálítil rigning eða slydda við SV-ströndina og hiti 1 til 6 stig þar, annars hægara, bjart-viðri og frost 0 til 5 stig.

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
5 °C | 13 ↖	3 °C | 5 ↖	2 °C | 4 ↑
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
2 °C | 4 ↑	3 °C | 12 ↖	0 °C | 18 ↑

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
4 °C | 10 ↑	-1 °C | 7 ↖	2 °C | 3 ↑
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
2 °C | 4 ↑	0 °C | 3 ↙	-1 °C | 11 ↑

LÉTT

	1	3	9				6	
2			7	4	8		9	1
8		4						2
		6		7				8
5						4		
			2	8	4	9	5	
	5			1		2	4	3
		1	4	5				9
	8		6					

MIÐLUNGS

	2			8			9	5
5			3	9		1		
						7	2	
			4		9		8	
	1		2		5		6	
	4			7	8			1
4		7					1	
	6	3		2	7			
1	8					6		

ÞUNG

				7	4			
8				9			2	
		4				3		9
			7			9	4	
9								2
		7	8	1		5		
7		9	4		2			8
	5			8		4		
4			9		6		3	

Krossgáta

LÁRÉTT
1 hvetja
5 brott
6 hljóta
8 messings
10 ryk
11 ofviðri
12 sannur
13 ata
15 vanrækja
17 ávallt

LÓÐRÉTT
1 líklega
2 litlaus
3 athygli
4 gagn
7 eðlilegt
9 afstyrmi
12 afbragðs
14 gruna
16 ætíð

1	2	3		4	■
5			■	6	7
8			9		
10		■	11		
	■	12			
13	14			■	
15				16	
■	17				

LÁRÉTT: 1 eggja, 5 frá, 6 fá, 8 látuns, 10 ar, 11 rok, 12 ekta, 13 sóða, 15 trassa, 17 altíð.
LÓÐRÉTT: 1 eflaust, 2 grar, 3 gát, 4 afnot, 7 áskapað, 9 úrkast, 12 eðal, 14 óra, 16 sl.

Skák Gunnar Björnsson

Sisniega átti leik gegn Acevedo í Mexíkó árið 1976.

1. Bxg7! Hxg7 2. Dxe6+ Kh8 3. Dxd7! Bxd7 4. Hxf7 1-0.
Skáklíf í raunheimum fer nú aftur í gang. Íslandsmót barna- og unglingasveita fer fram á laugardaginn. Skákþing Reykjavíkur hefst á sunnudaginn.

www.skak.is: Skáklíf í raunheimum!

Hvítur á leik

2	3	5	4	6	1	8	9	7
6	7	4	9	8	2	1	3	5
8	9	1	3	5	7	4	2	6
7	2	6	1	3	5	9	8	4
9	5	3	7	4	8	2	6	1
4	1	8	2	9	6	5	7	3
3	4	2	5	7	9	6	1	8
5	6	9	8	1	3	7	4	2
1	8	7	6	2	4	3	5	9

3	7	6	9	4	8	2	5	1
4	8	2	5	1	6	3	9	7
5	9	1	2	7	3	4	8	6
1	2	7	3	8	9	5	6	4
8	4	3	1	6	5	7	2	9
9	6	5	7	2	4	8	1	3
2	1	4	8	9	7	6	3	5
7	3	8	6	5	1	9	4	2
6	5	9	4	3	2	1	7	8

3	6	2	8	7	4	9	1	5
8	7	1	6	9	5	2	4	3
9	5	4	1	2	3	6	7	8
4	2	6	5	1	8	7	3	9
5	9	3	7	4	6	8	2	1
7	1	8	9	3	2	4	5	6
6	4	9	3	5	7	1	8	2
1	3	7	2	8	9	5	6	4
2	8	5	4	6	1	3	9	7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Ég nota oft sömu formin aftur og aftur, segir Áslaug. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Skoðar ritmál og myndmál

Áslaug Íris Katrín Friðjónsdóttir sýnir í Norr1. Í verkunum mætast hið grófa og það fína. Segir verk sín í stöðugri þróun.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Stein - Skrift er yfirskrift sýningar Áslaugar Írisar Katrínar Friðjónsdóttur sem nú stendur yfir í Norr11 Hverfisgötu. Sýningin stendur til 4. febrúar.

Verk Áslaugar hafa verið sýnd á sýningum og í söfnum og galleríum á Íslandi, Evrópu og í Bandaríkjunum. Um verkin á sýningunni í Norr11 segir Áslaug. „Verkin eru ný, níu þeirra eru í minni kantinum og þrjú stærri. Efnið sem ég nota er fúga, sem notuð er í flísalögn. Þetta er skemmtilegt efni vegna þess að það þornar ekki of fljótt og því er auðvelt að vinna með það. Stundum nota ég fúguna alveg hvíta og stundum blanda ég akrýlmálningu við til að fá lit. Ég ber fúguna á plötu og risti teikningu í hana. Eftir það vinn ég á fúguna málverk og festi á steina og stundum meira að segja gólfdúka. Þannig að ég er að nota iðnaðarefni í bland við fínlegri miðla eins og vatnsliti, blýant og akrýlmálningu. Í verkunum mætast hið grófa og hið fína. Til viðbótar við þessi verk er þarna líka eitt stórt vatnslitaverk með afgerandi formum.“

Stöðug þróun

Áslaug segir verk sín vera í stöðugri þróun. „Ég nota oft sömu formin aftur og aftur og upp úr því fór ég að hugsa um það hvernig fólk skilur það sem það horfir á. Ég hef verið skoða hvernig ritmál og myndmál eins og hieróglýfur verða til, abstrakt form verða að táknum sem verða svo að kerfum sem fólk lærir að skilja. Bókstafir í stafrófi eru í raun og veru bara abstrakt form. Hugsunin í verkunum á sýningunni er í þessa átt og hefur einnig sést í fyrri verkum mínum.“

Um notkun sína á steinum og gólfdúkum segir Áslaug. „Ég notaði gólfdúka fyrst þegar ég sýndi í Ásmundarsafni. Þar er hvítur marmari á gólfunum sem er ótrúlega áhrifamikið þannig að ég gerði verk sem kallaðist á við það en var úr gólfdúkum. Gólfdúkar eru hversdagslegt efni en samt er viss fágun í þeim sem vísar í náttúrusteina og marmara og þar með í klassískan tíma. Sama á við um steinana, þetta eru hversdagslegir íslenskir steinar en vísa í klassíska listasögu og höggmyndalist”.

Eitt af verkum Áslaugar á sýningunni. MYND/AÐSEND

LISTASAGAN OG ÓLÍKIR MENNINGARHEIMAR ERU MÉR OFT OG TÍÐUM UPPSPRETTA INNBLÁSTURS

Spurð af hverju hún hafi áhuga á fornum menningarheimum segir hún: „ Listasagan og ólíkir menningarheimar eru mér oft og tíðum uppspretta innblásturs. Kannski er það tengt því að amma mín er grísk og ítölsk og býr í París. Mér finnst alltaf eins og hún komi úr allt öðrum heimi, svo bý ég á Íslandi og lifi bara venjulegu íslensku lífi, Mér finnst mikil vigt í því að eiga arfleið til landa með svona mikla menningarsögu, það er eins og brunnur sem ég get sótt í.“

Tilverur Sindra

Nýtt sýningarár í Listasal Mosfellsbæjar hefst á sýningu Sindra Ploder, Tilverur. Sindri er 23 ára gamall listamaður með Downs heilkenni. Hann hefur tekið þátt í fjölmörgum samsýningum og verkefnum þrátt fyrir ungan aldur en Tilverur er fyrsta einkasýning hans.

Sindri vinnur helst teikningar og tréskúlptúra og bera verkin sterk höfundareinkenni hans. Myndefnið er aðallega portrett af verum sem eru ekki til.

Sýningu Sindra í Listasal Mosfellsbæjar lýkur 5. febrúar.

DAGSKRÁ

Þriðjudagur

STJÓRNANDINN

Upplýsandi og fróðleg þáttaröð um konur, fyrirmyndir og fjölbreytileikann í íslensku atvinnulífi í umsjá Huldu Bjarnadóttur.

Þriðjudaga kl. 21:30, bara á Hringbraut.

Íslandsbanki FKA FÉLAG KVENNA Í ATVINNULÍFINU HRINGBRAUT

HRINGBRAUT

20.00 Bókahornið Bókahornið fjallar um bækur af öllu tagi, gamlar og nýjar, með viðtölum við skapandi fólk.
20.30 Lífið er lag Lífið er lag er þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.
21.00 21 - Fréttaþáttur á þriðjudegi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Stjórnandinn Niðurtalning í Viðurkenningarhátíð FKA sem haldin verður 27. janúar 2021. Á hátíðinni kemur framlína íslensks viðskiptalífs og félagskonur FKA saman til að heiðra konur úr atvinnulífinu.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi
09.10 Kastljós
09.25 Menningin
09.35 Spaugstofan 2007 - 2008
09.55 Það kom söngfugl að sunnan
11.10 Innlit til arkitekta
11.40 Grænir fingur 1989-1990
11.55 Landakort
12.00 Heimaleikfimi
12.15 Liljur vallarins
13.10 Velkomin til framtíðar
13.40 Reikningur
13.55 Heragi
14.45 Útsvar 2007-2008
15.35 Basl er búskapur
16.10 Villta vestrið
17.00 Matur og munúð
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Óargardýr Naomi er mætt aftur með enn þá fleiri furðuverur frá öllum heimshornum. Hvað óargardýr ætli hræði hana núna?
18.29 Hönnunarstirnin
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Heragi
20.50 Loftlagsþversögnin
21.05 Síðasta konungsríkið
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Blóð Spennuþættir sem gerast á Írlandi. Cat Hogan snýr aftur til heimabæjarins West Meath eftir að móðir hennar deyr í slysi á heimili sínu. Minningar úr æsku sækja að henni og hana grunar sterklega að ekki hafi verið um slys að ræða. Fjölskyldan er tvístruð af sorg, grunsemdum og vantrausti. Aðalhlutverk: Carolina Main, Adrian Dunbar og Gráinne Keenan. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.05 Svikamylla
00.05 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

09.00 PGA Tour 2020
14.05 European Tour 2020
19.35 PGA Highlights 2021
20.30 TaylorMade Driving Relief

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
12.30 Dr. Phil
13.09 The Late Late Show
13.49 A.P. BIO
14.12 The Block
15.05 Amazing Hotels: Life Beyond the Lobby
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 Speechless
19.30 mixed-ish
20.00 The Block
21.00 Innan vi dör
22.00 Why Women Kill Dramatísk þáttaröð með gamansömu ívafi frá Marc Cherry höfundi Desperate Housewives. Sagðar eru þrjár sögur sem gerast á mismunandi tímum og fjalla um konur sem eiga það sameiginlegt að eiginmenn þeirra halda framhjá þeim.
22.45 The Chi
23.35 The Late Late Show
00.15 The Good Fight
01.45 Nurses
02.30 The Great
03.20 The Arrangement
04.05 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Lofthelgin
15.00 Fréttir
15.03 Frjálsar hendur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Krakkakastið
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Egils saga
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

12.40 Daphne & Velma
13.55 Justice League vs. the Fatal Five
15.10 The Wife
16.50 Daphne & Velma
18.05 Justice League vs. the Fatal Five
19.20 The Wife
21.00 You Were Never Really Here
22.25 My Friend Dahmer
00.10 211
01.35 You Were Never Really Here

STÖÐ 2

08.00 The Goldbergs
08.20 Grey's Anatomy
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 Jamie: Keep Cooking and Carry on
10.30 First Dates
11.15 NCIS
11.55 Friends
12.35 Nágrannar
12.55 Grand Designs
13.40 Eldhúsið hans Eyþórs
14.05 Your Home Made Perfect
15.05 Puppy School
15.50 Kevin's Grandest Designs
16.35 Friends
17.00 Veep
17.35 Bold and the Beautiful
17.55 Nágrannar
18.26 Vedur
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 MasterChef Junior
19.50 Shark Tank
20.40 Hell's Kitchen USA
21.25 S.W.A.T.
22.10 Magnum P.I.
22.55 The Good Doctor
23.35 Limetown
00.10 True Detective
01.10 True Detective
02.05 Jamie: Keep Cooking and Carry on
02.30 First Dates
03.15 NCIS
03.55 Grand Designs

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Dóra könnuður
08.20 Mörgæsirnar frá Madagaskar
08.45 Mæja býfluga
08.55 Áfram Diego, áfram!
09.20 Svampur Sveinsson
09.40 Stóri og Litli
09.50 Strumparnir
10.15 Skoppa og Skrítla út um hvippinn og hvappinn
10.30 Ævintýraferðin
10.40 Zigby
18.20 The Lego Ninjago Movie
20.00 Friends
20.20 Friends
20.50 Stelpurnar
21.10 The Bold Type
21.55 Wyatt Cenac's Problem Areas
22.30 Orange is the New Black
23.30 Whiskey Cavalier
00.10 Friends
00.35 Friends
01.00 Stelpurnar

STÖÐ 2 SPORT

08.00 Seinni bylgjan - karla
09.35 Rey Cup Mótið
10.00 Símamótið
10.10 Arionbanka mótið
10.45 Norðurálsmótið
11.20 Orkumótið í Eyjum
11.55 N1 mótið
12.40 Símamótið
13.20 Rey Cup
14.00 Arionmótið
14.35 Justin Shouse - Kjúklingur og körfubolti
15.25 Sportið í ár - Erlent 2020
16.05 Sportið í ár - Innlent 2020
17.25 Annáll 2019: Olís deild karla og kvenna
18.50 Annáll 2019: Íslensk knattspyrna kvenna
19.45 Seinni bylgjan - karla
20.45 Annáll 2019: Íslensk knattspyrna karla
22.50 Ítölsku mörkin 2020/2021
23.40 Spænsku mörkin 2020/2021

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

Hey, Joe!

50% afsláttur fram á föstudag

Við bjóðum vini okkar hjá Joe & The Juice velkomna á Orkustöðina við **Miklubraut**, **Kringlumegin**. Þetta er fyrsti lúgustaður Joe & The Juice í heimi og verða allir djúsar og sjeikar á hálfvirði fram á föstudag, 15. janúar. Við hlökkum til að sjá þig!

JOE & THE JUICE

ORKAN

Sagan af Kim og Kanye

Horfur eru á að eitt þekktasta hjónaband heims líði brátt undir lok. Grípandi ástarsaga þeirra hefur snert við mörgum og það er því ekki úr vegi að rifja upp söguna af Kanye og Kim.

Í dágóðan tíma hefur flogið sú fiskisaga að hjónabandi stjörnuhjónanna Kim Kardashian-West og Kanye West sé líklega lokið. Orðrómurinn fékk byr undir báða vængi í síðustu viku og herma slúðurveldin ytra að hjónin stefni nú hvort í sína átt. Talsmenn stjarnanna vilja lítið segja.

Rísandi frægðarsól Kim

Kim segir þau Kanye hafa kynnst árið 2003, þar sem hann var í hljóðveri að taka upp tónlist. Hann hafði þá þegar komið sér á kortið sem vinsæll tónlistarmaður. Kim mætti með tónlistar- og vinkonu sinni, Brandy. Sú er systir söngvarans og leikarans Ray J sem hafði ásamt Kim tekið upp heimagert myndband sem fór síðar eins og eldur um sinu um netheima. Myndbandið var tekið upp árið 2002 en féll í hendur óprúttinna aðila í upphafi 2007 sem láku því á vefinn undir fyrirsögninni: Kim Kardashian, Superstar. Kardashian-fjölskyldan vill í það minnsta meina að svona hafi þetta allt farið fram, en kenningar eru um að móðir Kim, Kris Jenner, hafi komið mynbandinu í dreifingu. Hvað sem öðru líður fór bolti Kim á fleygiferð, en fyrir mynbandið hafði hún það helst til brunns að bera að vera vinkona hótelprinsessunnar Paris Hilton. Hálfu ári eftir óumbeðna frumsýningu myndbandsins hófu þættirnir Keeping up with the Karadashians göngu sína.

Ást við fyrstu sýn

Kanye vill meina að hann hafi kolfallið fyrir Kim við fyrstu kynni, en hún var á þeim tíma gift tónlistarmanninum Damon Thomas. Vinátta spratt þó upp á milli Kim og Kanye þótt þau hafi lítið umgengist hvort annað. Hún sást þó á tónleikum með honum árið 2008. Vinsældir Keeping up the Kardashians uxu gríðarlega með árunum, enda þykir fjölskyldan einstaklega opinská og hnyttin. Ferill Kanye var líka í veldisvexti og nafn hans orðið eitt það stærsta í tónlistarheiminum á þeim tíma sem Kim giftist körfuboltamanninum og nafna móður hennar, Kris Humphries. Öllu var tilkostað og brúðkaupið sýnt á E!-sjónvarpsstöðinni. Hjónabandið við Humphries varð þó skammlíft þar sem Kim sótti um skilnað aðeins 72 dögum seinna.

Örlagaríkt símtal

Kanye hefur haldið því fram að hann hafi hringt í Kim þegar hann sá að hún væri trúlofuð og beðið hana um að giftast ekki Kris. Máli sínu til stuðnings sendi hann henni myndir af körfuboltamönnum sem hann taldi eldast illa. Langþráður draumur Kanye rættist svo þegar hann og Kim fóru fyrst að stinga saman nefjum í apríl 2012, þegar Kim var enn gift Humphries á blaði.

Stimpla sig inn

Frumburður Kim og Kanye fæddist árið 2013, 15. júní, einungis viku eftir formlegum endalokum hjónabandsins við Humphries. Litlu munaði að þegar stúlkan fæddist að Kris yrði því skráður faðir á fæðingarvottorðinu. Nafngift stúlkunnar, North West, vakti heimsathygli og var þá mörgum ljóst að Kimye væru búin að skrá sig rækilega inn í raðir Hollýwood-elítunnar. Kanye lagðist svo á skeljarnar og bað Kim í 33 ára afmæli hennar.

Glæsilegt brúðkaup

Kim og Kanye gengu í hjónaband í maí á Ítalíu árið 2014. Kim klæddist kjól frá Martin Margiela og Kanye var í jakkafötum frá Givenchy. Um 600 manns var boðið til kvöldverðar í höllinni í Versölum daginn fyrir brúðkaupið, 23. maí sem vakti mikla athygli. Gestunum var svo flogið til Flórens í einkaflugvélum, þar sem brúðkaupið sjálft fór fram. Þau eignuðust síðan soninn Saint í desember árið eftir. Síðan þá hafa þau eignast dótturina Chicago, árið 2018, og soninn Psalm, árið 2019. Þau fæddust bæði með hjálp staðgöngumóður, en Kim hafði tjáð sig opinberlega um lífshættulega fylgikvilla tveggja fyrri meðganga.

Kanye og Kim með barnaskarann á jólakorti fjölskyldunnar 2019. MYND/INSTAGRAM

Þegar allt lék í lyndi hjá hjónakornunum. MYND/GETTY IMAGES

Allar mættar á sýninu Yeezy 3 árið 2016, klæddar og stíliseraðar af Kanye. MYND/GETTY IMAGES

Brúðkaup Kim og Kanye í Flórens þótti hið allra glæsilegasta.

Kanye valdi kjólinn sem Kim klæddist á MET-galanu 2012, þá langt gengin með North West. Kjóllinn vakti mikla athygli á sínum tíma og gengu slúðurmiðlar svo langt að líkja ófrískri Kim við blómóttan sófa. MYND/GETTY IMAGES

Ósættið við Jay-Z

Kanye og rapparinn Jay-Z höfðu átt farsælt samstarf en á tónleikum árið 2016 lýsti Kanye því yfir að þeir væru ekki lengur í samskiptum. Bað hann Jay-Z að hafa samband við sig og sakaði hann um að hafa sent menn á eftir sér. Í kjölfarið var Kanye lagður inn á UCLA-spítalann með ofskynjanir, ranghugmyndir og kvíða. Hann hefur lýst því yfir að hann sé haldinn geðhvarfasýki, kvíða og þunglyndi. Síðustu ár hefur það gerst með reglulegu millibili að hann fer mikinn á Twitter. Kim hefur alltaf staðið föst á því að þetta leysi þau í sameiningu og hún muni standa með eiginmanni sínum.

Vill láta gott af sér leiða

Kim hefur slegið í gegn með snyrtivöruveldi sitt, KKW, og er þá spurning hvort að W. hverfi úr nafni fyrirtækisins ákveði þau að skilja. Hún rekur einnig fyrirtækið SKIMS sem selur nærfatnað og náttföt fyrir konur og börn. Upp kom nokkuð hneyksli á sínum tíma þegar í ljós kom að Kim ætlaði að nefna fyrirtækið Kimono, en það þótti taktlaus tilraun til að eigna sér annan menningarheim og reyna að græða á honum. Í dag stundar Kim lögfræðinám af miklu móð, hún segir að sig hafi alltaf dreymt um að verða lögfræðingur eins og pabbi hennar Robert Kardashian. Hún beitir sér nú af kappi fyrir endurupptöku mála hjá föngum sem ýmist hafa hlotið óvæginn dóm fyrir minniháttar brot eða eru á dauðadeild. Hún hefur leitað nokkrum sinnum með þessi mál til Donalds Trump, víkjandi Bandaríkja-forseta, með ágætum árangri.

Framboð til forseta

Síðasta ár virðist heilsa Kanye ekki vera upp á sitt besta og fór hann í framboð til forseta. Margir töldu það vera síðasta hálmstráið og Kim myndi nú fara frá Kanye, enda þótti hann sýna af sér nokkuð furðulega hegðun. Það er þó ekki fyrr en núna í janúar sem orðrómurinn kemst á feykilegt skrið og margir virtari miðlar hafa einnig kynt undir sögusögnunum. Þau þykja ein þekktustu hjón heims og því verður það nú að teljast fréttnæmt haldi þau í sitthvora áttina, þótt ferill Kim í það minnsta hafi verið tengdur við einhvers konar lágmenningu í gegnum tíðina. Þrátt fyrir að um opinberar persónur sé að ræða og mörgum þyki eflaust ekki smart að velta sér upp úr lífi þeirra og örlögum, þá vekja tíðindin vafalaust forvitni margra. Það verður áhugavert að sjá hvernig hlutirnir þróast og óskandi að allt fari vel, hvort sem það þýðir þá endalok hjónabandsins eða ekki.

steingerdur@frettabladid.is

Myllu Lágkolvetnabrauð

LÍFSKORN

Lífskorn færir þér máltíð af akrinum

Nýjung!

Hátt í próteinum
Lágt í kolvetnum

Kauptu nýtt Lífskorn lágkolvetna í dag

Aðeins 2,8g kolvetni í hverri brauðsneið

Nýja lágkolvetna Lífskornið er þróað fyrir þig sem vilt „þinn dagskammt“ af góðu brauði. Leitaðu eftir Lífskorni lágkolvetna með appelsínugula litnum. Hver pakkning er 145g og 4 sneiðar. Í 100g eru 7,6g af kolvetni eða aðeins 2,8g kolvetni í hverri brauðsneið. Gott fyrir dagskammtinn!

Nýjung í Lífskorni
Aðeins 2,8g kolvetni í hverri brauðsneið!
Lágkolvetnabrauð - gott fyrir dagskammtinn alla daga!

Mikilvægt er að lítið samfélag okkar Íslendinga geti treyst á sjálfstæða innlenda framleiðslu. Myllan er ferskvöruframleiðandi sem skilur að samfélagið þrífst best á fjölbreyttri matarmenningu. Stöðug vöruþróun Myllunnar skilar okkur íslensku úrvali af ferskvörum í besta gæðaflokki. Skoðaðu hvaðan maturinn kemur - leitaðu eftir Myllu-merkinu! Myllan, þaðan sem nýtt kemur.

Veldu íslenskt

Kauptu nýjasta brauðið frá Myllunni í dag
Aðeins 2,8g kolvetni í hverri brauðsneið!
Lífskorn lágkolvetna gott fyrir dagskammtinn alla daga!

Lífskorna fjölskyldan er óðum að stækka, finndu þitt uppáhalds Lífskorn.
Skoðaðu: myllan.is

MYLLAN
Alltaf nýbakað síðan 1959

> nánar á myllan.is

RISA
ÚTSALA
Allt að
60%
afsláttur

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN

AVILA
Glæsilegur hornsófi í Avila línunni. Armar eru breiðir og þægilegir. Setpullur eru háar og í hluta baks er saumað tíglamynstur sem gefur bæði sérstakt útlit og bronslitan glampa í vissu ljósi. Fætur eru úr svörtum járnbogum.

Stærð: 276 × 210 × 77 cm
224.993 kr.
~~299.990 kr.~~

25%
AFSLÁTTUR

EDE
3ja sæta sófi og stóll í Ede línunni í dökkgráu áklæði. Set- og bakpullur eru þykkar og þægilegar. Fætur eru úr bogadregnu, svörtu járni. Glæsileg, tímalaus hönnun.

3ja sæta, áklæði: 205 x 95 x 82 cm
83.994 kr. ~~139.990 kr.~~

Stóll í áklæði: 93 x 95 x 82 cm
53.994 kr. ~~89.990 kr.~~

40%
AFSLÁTTUR

HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100

Starfsmenn Sandgerðisskóla tóku að sjálfsögðu þátt og settu upp fína og fallega hatta auk þess sem sígildur six-pensarari fékk að vera með þegar kennsla hófst á fyrsta hattadeginum í sameinuðum bænum. MYND/AÐSEND

Suðurnesjabær settur undir sama félagshatt

Glæsilegum höttum var víða lyft þegar Hattavinafélag Suðurnesjabæjar var endurreist á grunni frá Sandgerði og nú má segja um þá Suðurnesjamenn að þeir lyfta höttum út um allan heim.

Það hefur verið reynt að endurvekja þetta félag áður en ekki tekist sem skyldi. Eftir sameiningu sveitarfélaganna skapaðist tækifæri og með tilkomu samfélagsmiðla sáum við að þetta gæti orðið bráðskemmtilegt verkefni," segir Bergný Jóna Sævarsdóttir um Hattavinafélag Suðurnesjabæjar og fyrsta hattadaginn sem haldinn var í bænum á föstudaginn.

Bergný Jóna skellihlær þegar hún leggur áherslu á að bæjarbúar séu mikið fyrir hatta þannig að það var síður en svo út í bláinn að hún ákvað, ásamt nokkrum öðrum, að endurvekja Hattavinafélag Sandgerðis sem sló í gegn um aldamótin þegar flestir ef ekki allir Sandgerðingar settu upp hatt á föstudögum.

Í minningu fallins félaga

Hattavinafélag Sandgerðis þótti á sínum tíma býsna öflugt, jafnvel á landsvísu, og í anda þess eru íbúar Suðurnesjabæjar, sem áður skiptist í Sandgerði og Garð, hvattir til þess að setja upp hatta á föstudögum.

Fyrsti hattadagurinn var á föstudaginn og óhætt að segja að endurnýjun félagsins hafi byrjað vel þegar fjölmargir núverandi og brottfluttir íbúar sveitarfélagsins svöruðu kallinu og settu upp hatta og önnur höfuðföt í tilefni dagsins.

Bergný Jóna segir að Guðjón Kristjánsson, sem er nýlátinn, hafi verið forsprakki þess að endurvekja félagið enda með puttana á menningarpúlsinum í Sandgerðisbæ. „Þegar hann lést á síðasta ári þá eiginlega hét ég því að klára þetta verkefni og koma þessu í gang. Það er verið að heiðra minningu hans með að rífa félagið í gang og koma því af stað."

Bergný og Fríða Stefánsdóttir eru framarlega í endurreisnarhópnum.

Höttum lyft um allan heim

Hún segir viðbrögðin hafa verið góð og höfuð margra bæjarbúa hafi verið vel skreytt á föstudaginn. „Það er fólk um allan heim að senda okkur myndir og vill vera með þannig það gengur ekki að hafa í reglunum að lögheimilið þurfi að vera í Suðurnesjabæ. Þetta er líka skemmtilegt tækifæri fyrir nýtt sameinað sveitafélag að taka þetta verkefni upp," segir Bjargný um niðurfellingu á þeirri kvöð að meðlimir Hattavinafélagsins þyrftu að hafa heimilisfesti í Sandgerði.

Forsendur hafi breyst með tilkomu samfélagsmiðla og félagið teygi sig nú langt út fyrir landsteinanna og reglan hafi verið endurskrifuð með tilliti til þess. Félagið hefur því eðli málsins samkvæmt haslað sér völl á Facebook og Instagram þar sem meðlimum fjölgaði stöðugt allan hattaföstudaginn.

> **ÞEGAR HANN LÉST Á SÍÐASTA ÁRI ÞÁ EIGINLEGA HÉT ÉG ÞVÍ AÐ KLÁRA ÞETTA VERKEFNI OG KOMA ÞESSU Í GANG.**

Fundað á fullu tungli

„Það er gert ráð fyrir því í reglunum að aðalfundur skuli vera haldinn á næsta fulla tungli þannig að við stefnum á að nýjar reglur verði settar í loftið þá. Markmiðið er að þetta á að vera óþvingað og bara svolítið skemmtilegt."

Höfuðfötin sem voru á lofti á föstudaginn voru mörg hver glæsileg og myndu hæfa fylgdarliði drottningar á hvaða veðreiðum sem er. Bergný bendir þó á að þetta hafi verið fyrsti hattadagurinn og því eigi margir glæsilegir hattar eftir að koma út úr skápnum.

„Við hlökkum mikið til sumarsins. Sagan segir að fólk sem hafi verið í upprunalega félaginu hafi átt hattahillur heima hjá sér fyrir sína helstu dýrgripi. Við vonum að það verði áfram."

Hún segist eiga eftir að kanna hvort hattavinafélög leynist víðar á Íslandi og hún vonist að sjálfsögðu til þess að komast í samband við fleiri systurfélög. „Vonandi er hattavinafélagið til á Húsavík ennþá. Gamla félagið er stofnað út frá heimsókn þangað. Ég viðurkenni alveg að ég bind miklar vonir við þetta. Skemmtilegir viðburðir og annað í kjölfarið og við erum bara rétt að byrja," segir Bergný.

benediktboas@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

Eucerin®

1. VIKA

2. VIKA

8. VIKA

12. VIKA

NÝTT

MINNKAR ALDURSBLETTI Á TVEIMUR VIKUM*

*Fyrsti sjáanlegi árangur á 2 vikum.

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

Áramótatilboð Múlalundar
Gildir til 31. janúar eða á meðan birgðir endast
MÚLALUNDUR

Egla möppur
TILBOÐ kr. 849
mulalundur.is

BAKÞANKAR

Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

Að elska Iðunni

Það kom alveg flatt uppá mig hversu snúðugur ég varð vegna lokunar ölstofu nokkurar hér í hverfinu mínu. Ekki síst vegna þess að ég hafði aldrei inná hana komið né vætt kverkar á stéttinni fyrir utan hana. Hins vegar þótti mér vænt um þá tilhugsun að þarna kæmu saman eldri menn og færu með gamanmál, og að þarna skyldu aðrir lesa dagblöðin yfir kaffibolla og svo fengu bændur sér þarna anís áður en haldið var útá akurinn. Í þessum þönkum áttaði ég mig á því að ég og heimurinn erum svo samrýmdir að hvorugur okkar veit hvar einn hættir og hinn byrjar. Það er þess vegna sem mér þykir svo vænt um þá tilhugsun að Kvæðamanna-félagið Iðunn sé til þó ég hafi aldrei kveðið rímu í þeim félagsskap. Þetta er síður en svo einstakt tilfelli, öll verðum við stundum meyr gagnvart fegurð heimsins, jafnvel bara tilhugsuninni um hana, og sjálfsagðir hlutir öðlast þá skyndilega mikla merkingu.

En við erum ekki alltaf ölvuð af þessu fagnaðarerindi því fólk verður stundum gráðugt og þá er venjulegast ekki langt í að slettist uppá vinskapinn við veröldina. Enda hættir fólk að hugsa skýrt þegar það reiðist og heimurinn virðist allt í einu vera á sporbaug um nafla manns og ekkert verður merki-legt nema maður sjálfur. Meira að segja fyrirbæri einsog þing og lýðræði virðast hreinir smá-munir í samanburði. Svo næst þegar þú reiðist skaltu slaka á, anda djúpt og ekki hætta fyrr en þú finnur fyrir yfirþyrmandi ást á Kvæðamannafélaginu Iðunni.

ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Allt fyrir afmælið!

Finndu okkur á
PARTÝBÚÐIN
Faxafeni 11 • Sími 534 0534

★ GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ ★
ÚTSALA

100% SVEFN - 100% HEILSA
Góð hvíld
30 ÁRA AFMÆLI
SVEFNS & HEILSU
30 ár eru síðan eigendur byrjuðu með innflutning á heilsudýnum.
Af því tilefni bjóðum við upp á frábæra afslætti!
OUTLET ÚTSALA
30-70% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
30% AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM VÖRUM Í VERSLUN
GERÐU FRÁBÆR KAUP ★ FYRSTUR KEMUR – FYRSTUR FÆR
Svefn & heilsa
★★★★★
Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu

BALDURSNES 6 – AKUREYRI


LISTHÚSIÐ – REYKJAVÍK

LISTHÚSIÐ – REYKJAVÍK
Framúrskarandi fyrirtæki 2020
2018-2020
LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233
BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150
UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | svefnogheilsa.is

STÖÐ 2+ STÆRSTA
ÁSKRIFTARVEITAN MEÐ ÍSLENSKT EFNI

Stöð 2 Maraþon verður Stöð 2+

1000+ KVIKMYNDIR

600+ klst. TALSETT BARNAEFNI

450+ ÞÁTTARAÐIR

190+ ÍSLENSKAR ÞÁTTARAÐIR

Stöð 2 + Stöð 2+ = Lægra verð á áskrift! **7.990 kr./mán.**

Stöð 2 og Stöð 2+ eru nú saman á 7.990!

Stöð 2+ stök **3.990 kr./mán.**

Horfðu á allt að 5 tækjum á sama tíma*

MYNDLYKILL · VEFSJÓNVARP · iOS & ANDROID · APPLE TV · fire tv VÆNTANLEGT · android tv VÆNTANLEGT

*Til þess að nýta fleiri en eitt tæki í einu þarf að nýta sömu nettengingu.



HÁGÆÐA ÍSLENSK
DAGSKRÁRGERÐ

Nýtt íslenskt efni á Stöð 2

Vegferð
Hefst í febrúar

Tónlistarmennirnir okkar
Hófst 10. janúar

Kjötætur óskast!
Hófst 11. janúar

Líf dafnar
Hófst 6. janúar



Patrekur Jamie: Æði 2
Hefst 21. janúar



Leitin að upprunanum 4
Hefst 21. febrúar